

PFAFF

expression^{2036 - 2046}

Leiðarvísir



ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Þessi saumavél er hönnuð í samræmi við staðla IEC/EN 60335-2-28.

Rafmagnstenging

- Rafmagnsspennan verður að vera sú sama og gefin er upp á kennispjaldinu.

Öryggisatriði

- Notið vélina aldrei sem leikfang.
Ef vélin er notuð af börnum eða nálægt börnum, þá verður ávallt að fylgjast vel með.
- Skiljið saumavélina aldrei eftir í sambandi við rafmagn.
- Takið saumavélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar hætt er að nota hana, og eins þegar verið er að hreinsa hana.
- Slökkvið ávallt á vélinni ("0") þegar unnið er nálægt nálarvæðinu, t.d. þegar verið er að þræða vélina, skipt er um nál, saumfót eða spólan sett í o.s.frv.
- Notið vélina aldrei ef rafmagnsleiðslurnar eða klærnar á þeim eru skemmdar.
- Gætið þess að fingur verði ekki fyrir hreyfanlegum hlutum vélarinnar, og aðgætið sérstaklega að fingur verði ekki fyrir nálinni þegar vélin er í gangi.
- Notið saumavélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í leiðarvísir vélarinnar og notið eingöngu fylgihluti sem mælt er með af framleiðanda vélarinnar.
- Takið vélina ávallt úr sambandi þegar skipta þarf um peru í vélinni. Notið ávallt samskonar gerð af peru og var í vélinni, (volt og wött).

Nýtískuleg og auðveld

Saumað með því að ýta á takka

Þú hefur eignast alveg frábæra saumavél, sem hefur marga góða kosti.

Hönnun og tækni eru samkvæmt nýjustu kröfum og þessi leiðarvísir er jafn auðveldur og vélin sjálf er í notkun.

Ef þú gefur þér smátíma til að lesa þennan leiðarvísir - ja - þá getur ekkert farið úr skorðum. Það borgar sig - því aðeins á þann hátt kynnist þú möguleikum vélarinnar og getur einnig nýtt þá til fullnustu.

Ef þú þarft samt að spyrjast fyrir um eitthvað, þá biðjum við þig að hafa samband við PFAFF-umboðið, sem mun fúslega reyna að leysa úr vandanum.

Gangi þér vel - og góða skemmtun við að framkvæma hugmyndir þínar



Efnisyfirlit

7/9 gata snúrufótur

107

Hnappagöt - mismunandi gerðir

71

A

Aðalrofi

19

Hnappagöt - ýmsar ráðleggingar

76

Afturábaksaumur

41

Hreinsun og smurning

114

Applíkeringarfótur

100

Hringsaumsplatan

108

Applíkeringarmynstur

91

Húðaður saumfótur fyrir leður

106

Húllsaumur

94

B

Birtustilling á skjá

36

I

Info takkinn

41

Bísenfótur

101

Ístopp og batur

59, 62-63

Bísenfótur fyrir mynstur

106

Ístopp - sjálfvirk (vél 2046)

62

Blindföldun

56

J

Bútasauksfótur

104

Jaðarfótur með stýringu

109

Bútasauður

77-82

Jafnvægi í mynstrum

40

E

Efri flytjarinn

32, 33

K

Kóssar

61

Elektróniskir valtakkar

42

Krosssaumur

92

F

Fellilok með saumum

18

Kögurfótur

109

Flytjarinn tekinn úr sambandi

34

L

Lokið yfir vélinni

18

Fótlyftir

28

"Læsingar" - takkinn

43

Fótmótstaðan

19

M

Fótur fyrir þrjú efni

103

M-minni

52

Fríhendis bútasauður

105

Mjókkandi og breikkandi flatsauður

88-89

Fríhendis útsauður

87

Mynstri bætt inn í eftir á

51

Fylgihlutir

20, 96-97

Mynstri eytt úr mynsturröð

50

Földun

66

Mynstri í mynsturröð breytt

52

Földun með flatsaum

65

Mynstrum breytt

37-40

G

Gatasauður

93

Mynstur geymd

49, 50

Gert við rifur

59

Mynstur tengd saman

48

Mynsturbreidd / sporlengd

38, 39

H

Heftingar

42

Mynsturbyrjun

49

Hlutir vélarinnar (2046)

14-15

Mynsturbyrjun í mynsturröð

52

Hlutir vélarinnar (2036)

16-17

Mynsturlengd / mynsturbreidd

84

Hnappagöt

70-76

Mynsturlengd / Þéttleiki

39

Hnappagöt alsjálfvirk

72

Mynsturröð eytt

51

Hnappagöt með undirleggsþræði

75

Mynsturspeglun

42

Mynsturstærð breytt

37

N

Nálarstaða	38
Nálatafla	110, 111
Nálin þrædd	26-27
Nytjasaumar	54-60, 65
Nytjasaumar í quilt expression 2046	6, 7
Nytjasaumar í expression 2036	8, 9

O

Overlock saumar	60
-----------------	----

R

Rafmagnstenging	19
Rennilásar	54
Rykkingar og fellingafótur	100
Rykkingarfótur	64, 102

S

Samsettir bekkir	85
Saumfætur - fylgihlutir	96, 97
Saumfætur - aukahlutir	98, 99
Sjálfvirk mjókkun / breikkun á flatsaum	89, 90
Skábandafótur	105
Skeljasaumur	67
Skipt um fót	29
Skipt um nál	31
Skipt um peru	115
Skipt um stingplötu	114
Skrautsaumar - almennt	84
Skrautsaumar quilt expression 2046	10
Skrautsaumar expression 2036	11
Spennubreytir	19
Sporbreidd / nálarstaða	38
Spólað á spóluna	21-23
Spólað í gegn um nálina	30
Spóluhúsið	24, 25
Snúrufótur	102
Stafamerkingar frihendis	86

T

Takkar fyrir mynsturraðir	49
Truflanir og ráð við þeim	116, 117
Tvinnahnífur	28
Tvinnaspennan	24-26
Tvinnastilling - almennt	24
Tvinnavaki (vél 2046)	37
Tvíburanál	44
Tæknilegar upplýsingar	118
Töluáfesting	61

U

Undirtvinna náð upp	28
Uppbygging mynstranna	45


V

Val á saumum	36
Vinnuborðið	21

þ


Þekjusaumar	65
Þræðari fyrir nál	27
Þræðing á efnum	55
Þræðing á tvinna	26, 27
Þræðing á tvíburanál	31

Nytjasaumar í vélinni expression 2046




Saumur Nr.	Lýsing	Notist við	Breidd allt að mm
1	Beinn saumur	Fyrir alla beina sauma og 6 mm stungusauma. Allt að 13 sporlegur fyrir jaðarsauma og rennilásasaum	–
2	Teygjanlegur þriggja þrepa beinn saumur	Fyrir sauma sem mikið reynir á. Sporið teygist eins og efnið sjálft. Hentugt á skrefsauma. 13 mismunandi sporlegur.	–
3	Zik zak, Sporlega í miðju	Til að kasta sauma, fyrir applíkeringar, til að festa blúndur, fyrir flatsaum o. fl.	6
4	Teygjanlegur saumur	Til að sauma teygjur á efni, setja í bætur og gera við rifur á teygjanlegum efnum.	6
5	Blindföldunarspor	Fyrir blindfalda á ofin efni.	6
6	Teygjanlegt blindföldunarspor	Fyrir blindfalda á teygjanleg efni.	6
7	Lokað overlockspor	Til að sauma saman og ganga frá jöðrum um leið. Ekkert raknar úr jöðrunum.	6
8	Fjaðrasaumur	Fallegur saumur t.d. á jaðra þar sem tvö efni mætast.	6
9	Skyrtuhnappagöt	Hnappagöt fyrir blússur, skyrtur og léreft.	–
0	Töluáfesting	Til að festa tveggja og fjögurra gata tölur á sjálfvirkan hátt.	6
10	Þræðispor	Til að þræða efni saman.	–
11	Zik zak spor sporlega til vinstri eða hægri	Fyrir applíkeringar, kóssa, snúrusaum o.fl.	6
12	Eldingaspor	Til að sauma saman þunn teygjanleg efni og skrautsauma.	1
13	Teygjanlegt skrautspor	Til að sauma efni saman á jöðrunum. Tilvalið fyrir leður og frotté efni.	6
14	Leggjasaumur	Fyrir skrautsauma eins og leggi á blóm og til að setja undir stafi.	1

Nytjasaumar í vélinni expression 2046




Saumur Nr.	Lýsing	Notist við	Breidd allt að mm
15	Teygjanlegt 3ja þrepa zik zak	Sérstaklega sterkur og teygjanlegur saumur sem hentar t.d. til að sauma teygjur á sundfatnað og til viðgerða á fatnaði.	6
16	Overlock saumur	Til að sauma saman og ganga frá jöðrum um leið.	6
17	Vöflusaumur	Til að sauma gúmmiþræði á efni eða skeyta saman efnum úr frotté. Fyrir falda á teygjanleg efni og einnig á sauma þar sem saumað er með teygjanlegum tvinna í spólunni.	6
18	Króksaumur	Mjög sterkur og teygjanlegur saumur sem hentar t.d. vel á íþróttafatnað.	6
19	Lokaður overlocksaumur	Til að sauma saman og kasta jaðra um leið. Þráðurinn á jaðrinum kemur í veg fyrir að rakni úr honum.	6
20	Peysusaumur	Teygjanlegur jaðarsaumur á teygjanleg gróf þrjóna og jersey efni.	6
21	Viðgerðarspor fyrir undirfatnað	Til að sauma saman og einnig til að sauma bætur á undirfatnað o.fl.	6
22	Krosssaumur	Klassískur skrautsaumur fyrir fatnað, léreft, hör o.fl.	6
23	Krosssaumur	Klassískur skrautsaumur fyrir fatnað, léreft, hör o.fl.	6
24 25 26	Húllsaumur Húllsaumur Húllsaumur	Fyrir frágang á borðdúkum og til skrauts á ýmsan fatnað. Hægt að nota með "Wing" húllsaumsnál.	6

Nytjasaumar í vélinni expression 2036



Saumur Nr.	Lýsing	Notist við	Breidd allt að mm
1	Beinn saumur	Fyrir alla beina sauma og 6 mm stungusauma. Allt að 13 sporlegur fyrir jaðarsauma og rennilásasaum.	–
2	Teygjanlegur þriggja þrepa beinn saumur	Fyrir sauma sem mikið reynir á. Sporið teygist eins og efnið sjálft. Hentugt á skrefsauma. 13 mismunandi sporlegur.	–
3	Zik zak, Sporlega í miðju	Til að sauma, fyrir applikeringar, til að festa blúndur, fyrir flatsauma o.fl.	6
4	Teygjanlegur saumur	Til að sauma teygjur á efni, setja í bætur og gera við rifur á teygjanlegum efnum.	6
5	Blindföldunarspor	Fyrir blindfalda á ofin efni.	6
6	Teygjanlegt blindföldunarspor	Fyrir blindfalda á teygjanleg efni.	6
7	Lokað overlockspor	Til að sauma saman og ganga frá jöðrum um leið. Ekkert raknar úr jöðrunum.	6
8	Fjaðrasaumur	Fallegur saumur t.d. á jaðra þar sem tvö efni mætast.	6
9	Skyrtuhnappagöt	Hnappagöt fyrir blússur, skyrtur og léreft.	6
0	Töluáfesting	Til að festa tveggja og fjögurra gata tölur á sjálfvirkan hátt.	6
10	Þræðispor	Til að þræða saumhluta saman.	–
11	Bútasaumsspor	Til að sauma bútasaum með spori sem hefur handavinnu-útlit.	–
12	Zik zak spor sporlega til vinstri eða hægri	Fyrir applikeringar, kóssa, snúrusaum o.fl.	6
13	Eldingaspor	Til að sauma saman þunn og teygjanleg efni og skrautsauma.	1

Nytjasaumar í vélinni expression 2036




Stitch No.	Description	Application	Width up to mm
14	Teygjanlegt skrautspor	Til að sauma saman á jöðrunum. Tilvalið fyrir leður og frotté efni.	6
15	Applíkeringspor fyrir bútautum	Fyrir handavinnuspör á applíkeringar	6
16	Leggjaumur	Fyrir skrautsauma eins og leggi á blóm og til að setja undir stafi.	1
17	Teygjanlegt 3ja þrepa zik zak	Sérstaklega sterkur og teygjanlegur saumur sem hentar vel t.d. til að sauma teygjur á sundfatnað og til viðgerða á fatnaði.	6
18	Overlock saumur	Til að sauma saman og ganga frá jöðrum um leið.	6
19	Vöflusaumur	Til að sauma gúmmíþræði á efni eða skeyta saman efnum úr frotté. Fyrir falda á teygjanleg efni og einnig á sauma þar sem saumað er með teygjanlegum tvinna á spólunni.	6
20	Króksaumur	Mjög sterkur og teygjanlegur saumur sem hentar t.d. vel á íþróttafatnað.	6
21	Lokaður overlocksaumur	Til að sauma saman og kasta jaðra um leið. Þráðurinn á jaðrinum kemur í veg fyrir að rakni úr honum.	6
22	Peysusaumur	Teygjanlegur jaðarsaumur á teygjanleg gróf þrjóna og jersey efni.	6
23	Krosssaumur	Klassískur skrautsaumur fyrir fatnað, léreft, hör o.fl.	6
24	Húllsaumur	Fyrir frágang á borðdúkum og til skrauts á ýmsan fatnað.	6
25	Húllsaumur	Hægt að nota með "Wing" húllsaumsnál.	
26	Húllsaumur		


Skrautsaumar á vél Pfaff quilt expression 2046

Bútaaumsspor

Gamaldags bútaaumsspor



Skrautsaumar



Kóssar




84

Spor fyrir ístopp



85

Hnappagöt



86

87

88


Stafróf



A-Z

A-Z

Skrautsaumar á vél Pfaff expression 2036



Hnappagöt



60



61

Stafróf





A-Z

Tæknilegur hluti

Hlutir vélarinnar (2046)	14-15
Hlutir vélarinnar (2036)	16-17
Lokið yfir vélina	18
Lokið með mynd af saumum	18
Vélin tengd við rafmagn	19
Rofi fyrir rafmagnsspennu	19
Fylgihlutir	20
Hólf fyrir fylgihluti	21
Spólað á spóluna	21-23
Spóluhúsið	24-25
Tvinnaspenna fyrir yfirtvinna	24-25
Þræðing á yfirtvinna	26
Innbyggður þræðari fyrir nál	27
Undirtvinnanum náð upp	28
Fótlyftir	28
Tvinnahnífur	28
Skipt um saumfót	29
Spólað á spóluna í gegn um nálina	30
Skipt um nál	31
Þræðing á tvíburanál	31
Innbyggður efri flytjari	32-33
Flytjarinn tekinn úr sambandi	34



Hlutir vélarinnar (Vél 2046)

1	-/+ hnappur A (storbreidd / mynsturbreidd)	27	Takki til að taka flytjara úr sambandi
2	-/+ hnappur B (sporlengd / mynsturlengd)	28	Botnplata
3	-/+ hnappur C (sporþéttleiki / jafnvægi)	29	Hólf fyrir fylgihluti
4	"Info" hnappur	30	Fóthalda með saumfæti
5	Handfang	31	Innbyggður efri flytjari
6	Handhjól	32	Innbyggður þræðari fyrir nál
7	"M" hnappur	33	Takki "afturábaksaumur"
8	Örvartakkar	34	Þræðiraufar
9	Hreinsa / "start" hnappur	35	Tvinnaspenna fyrir yfirtvinna
10	Hjól til að velja saum	36	Hnappur "heftingar"
11	Tengill fyrir rafmagn	37	Hnappur "Nálin uppi / niðri"
12	Tengill fyrir fótómstöðu	38	Hnappur "saumað hægt"
13	Aðalrofi	39	Hnappur "speglun á mynstri / læsing"
14	m+ hnappur	40	Þráðgjafi
15	Beint val "Stafróf"	41	Tvinnastýring
16	Beint val "Stafróf"	42	Keflispinni með skífu
17	Beint val "Skyrtuhnappagöt"	43	Gat fyrir aukakeflispinna
18	Beint val "Teygjanlegur blindfaldur"	44	Lok með myndum af saumum
19	Beint val "Zik zak spor"	45	Spólari
20	Beint val "Teygjanlegt þriggja þrepa beint spor"	46	Lok yfir grípara
21	Beint val "Blindfaldur"	47	Fríarmur
22	Beint val "Tengisaumur"	48	Pera (hám. 5 W)
23	Beint val "Töluáfesting"	49	Tvinnahnífur
24	Beint val "Beint spor"	50	Þráðgjafi
25	Beint val "Teygjanlegt spor"	51	Fótlyftir
26	Beint val "Lokað overlockspor"	52	Nálarhalda með festiskrúfu
		53	Stingplata
		54	Birtustillir



Hlutir vélarinnar (Vél 2036)

1	-/+ hnappur A (sporbreidd / mynsturbreidd)	27	Takki til að taka flytjara úr sambandi
2	-/+ hnappur B (sporlengd / mynsturlengd)	28	Botnplata
3	-/+ hnappur C (sporþéttleiki / jafnvægi)	29	Hólf fyrir fylgihluti
4	"Info" hnappur	30	Fóthalda með saumfæti
5	Handfang	31	Innbyggður efri flytjari
6	Handhjól	32	Innbyggður þræðari fyrir nál
7	"M" hnappur	33	Hnappur "afturábaksaumur"
8	Örvartakkar	34	Þræðiraufar
9	Hreinsa / "start" hnappur	35	Tvinnaspenna fyrir yfirtvinna
10	Hjól til að velja saum	36	Hnappur "heftingar"
11	Tengill fyrir rafmagn	37	Hnappur "Nálin uppi / niðri"
12	Tengill fyrir fótómstöðu	38	Hnappur "saumað hægt"
13	Aðalrofi	39	Hnappur "speglun á mynstri / læsing"
14	m+ hnappur	40	Þráðgjafi
16	Beint val "Stafróf"	41	Tvinnastýring
17	Beint val "Skýrtuhnappagöt"	42	Keflispinni með skífu
18	Beint val "Teygjanlegur blindfaldur"	43	Gat fyrir auka keflispinna
19	Beint val "Zik zak spor"	44	Lok með myndum af saumum
20	Beint val "Teygjanlegt þriggja þrepa beint spor"	45	Spólari
21	Beint val "Blindfaldur"	46	Lok yfir grípara
22	Beint val "Tengisaumur"	47	Fríarmur
23	Beint val "Töluáfesting"	48	Pera (hám. 5 W)
24	Beint val "Beint spor"	49	Tvinnahnífur
25	Beint val "Teygjanlegt spor"	50	Þráðgjafi
26	Beint val "Lokað overlockspor"	51	Fótlyftir
		52	Nálarhalda með festiskrúfu
		53	Stingplata
		54	Birtustillir





Lokið yfir vélina

Setjið rafmagnssnúruna, móttöðuna og leiðarvísinn í geymsluhólfnið á lokinu.




Lok

Opnið fellilokið (44) upp á við.




Innan á fellilokinu eru myndir af saumum vélarinnar

Einnig er sýnt hvaða fót er best að nota við hvern saum t.d. er sýnt að við saum 2, er hentugast að nota fót nr. 0.



Rafmagnstenging

Tengið rafmagnssnúruna við tengilinn (11) sem er á hliðinni á vélinni.




Mótstaðan tengd

Tengið mótstöðuna við tengil (12) sem er einnig á hliðinni á vélinni.

Því fastar sem stigið er á mótstöðuna, því hraðar saumar vélin.

Við þessar vélar verður að nota fótmótstöðu af gerðinni AT 0070




Aðalrofi

Þegar kveikt er á vélinni (rofi 13 settur í stöðu I) þá kviknar á ljósi vélarinnar og saumur 1 birtist á skjánum.

Vélin er nú tilbúin til notkunar.

"0" = slökkt

"I" = tengd




Spennubreytir

220 - 240V / 120V

Vélin er stillt á evrópska spennu 220 - 240V, en einnig er hægt að stilla hana fyrir 120V (USA/Canada). Þá þarf aðeins að færa rofann fyrir spennubreytinn neðan á vélinni á 120 V.

Ef þið eruð ekki viss um spennuna í því landi sem þið eruð, þá getið þið haft samband við viðkomandi Pfaff-umboð eða rafmagnsyfirvöld til að fá upplýsingar um það..



Hólf fyrir fylgihluti

Opnið vinnuborðið með því að þrýsta á rifflaða hlutann og opna það.




Fylgihlutunum komið fyrir

Fylgihlutirnir eru merktir með númerum og því auðvelt að setja hvern hlut á sinn stað.



Fylgihlutir 2036/2046

(sjá einnig bls. 96-97)



Vinnuborðið tekið af - fríarmur

Til að hægt sé að nota fríarminn verður að fjarlægja vinnuborðið. Snúið vinnuborðinu til vinstri og lyftið því síðan upp á við. Athugið að þegar það er sett aftur á vélina á ný þá verður það að vera slétt við fríarminn.

Ath: Sum efni innihalda mikið magn litarefna sem geta orsakað að efnin gefi frá sér lit í önnur efni, en þau geta einnig gefið frá sér lit á saumavélina. Það getur verið mjög erfitt og jafnvel ómögulegt að fjarlægja slíka liti aftur.

Þetta á sérstaklega við um denim efni (gallabuxnaefni) og þá eru það sérstaklega rauð og blá efni sem gefa frá sér aukalit.

Ef ykkur grunar að efnin sem þið ætlið að sauma - eða tilbúnu flíkurnar geti litað frá sér, þá ætti ávallt að þvo slíkt áður en farið er að sauma.




Vélin undirbúin fyrir spólun

Setjið tóma spólu þannig á spólarann að svarti titturinn á spólaranum falli í rauf spólunnar.



Þrýstið spólunni til hægri

Ath: Aðeins er hægt að spóla á spóluna að henni sé ýtt til hægri.



Spólað frá tvinnakeflishöldunni

Setjið tvinnakefli á keflishölduna. Setjið síðan annaðhvort litlu eða stóru skífuna fyrir framan keflið.


Þræðing

Leggið tvinnann í stýringu A og síðan hægra megin rangsælis í spennu B. Leggið tvinnann síðan aftan frá undir stýringu C. Snúið tvinnanum síðan nokkrum sinnum réttsælis utan um spóluna.

Kveikið á vélinni

Haldið lauslega um tvinnaendann og stígið á mótstöðuna. Um leið og spólan er orðin full slekkur spólarinn sjálfkrafa á sér.

Ýtið spólaranum til vinstri, klippið tvinnann og takið spóluna af.



Spólað af aukakeflispinnanum

Stingið aukakeflispinnanum í gatið ofan á vélinni.


Þræðing

Þræðið eins og sýnt er á bls. 22.

Kveikið á vélinni

Haldið lauslega um tvinnanendann og stígið á mótstöðuna. Um leið og spólan er orðin full slekkur spólarinn sjálfkrafa á sér.

Ýtið spólaranum til vinstri, klippið tvinnann og takið spóluna af.



Lokið yfir gríparanum



Slökkvið á vélinni

Takið um lokið (46) vinstra megin og opnið það niður á við.



Spóluhúsið tekið úr gríparanum

Togið í lokuna á spóluhúsinu og takið spóluhúsið úr gríparanum.

Sleppið lokunni og þá dettur spólan úr því.



Tvinnastilling

Til að fá fallett og sterkt spor verða tvinnastillingar á undirtvinna og yfirtvinna að vera í samræmi við hvora aðra, þannig að **hnýting tvinnanna sjáist hvorki á réttunni eða röngunni.**

Almennt má segja um stillingarnar;

Ef undirtvinninn sést á réttunni:

Þá er yfirtvinninn of stífur eða




Undirtvinninn er of laus.

Yfirtvinninn sést á röngunni;

Yfirtvinninn er of laus eða

Undirtvinninn er of stífur.

Þegar verið er að sauma hnappagöt og skrautsauma, þá á yfirtvinninn að sjást á röngunni. - losið þá aðeins um yfirtvinnann.





Spólan sett í spóluhúsið

Tvinninn á að renna aftur af spólunni eins og myndin sýnir. Þræðið tvinnann í rauf A, og síðan undir fjöðrina B, þar til hann hefur krækst undir fjöðrina. (sjá örina á myndinni)

Athugið:

Að þegar togað er í tvinnann þá á spólan að súast réttisælis.



Spóluhúsið sett í gríparann

Haldið um loku E og setjið spóluhúsið á titt C.

Úrtakið D á spóluhúsinu verður að vísa beint upp á við.

Athugið:

Togið snögg í tvinnaendann. Spóluhúsið má þá ekki detta úr gríparanum.



Yfirtvinninn þræddur



Slökkvið á vélinni.


Setjið fótlyftir (51) í efstu stöðu. Áríðandi er að nálin og þráðgjafinn séu einnig í efstu stöðu. Setjið síðan tvinnna-kefli á keflishölduna og skífu fyrir framan keflið.

Notið nú báðar hendur; smeygið tvinnanum framan frá í stýringu A og þaðan frá hægri til vinstri í spennu B. Þræðið síðan eins og örvarnar sýna - niður vinstri raufina - undir C og upp hægri raufina upp að þráðgjafanum (40).

Nú er tvinninn lagður frá vinstri til hægri í þráðgjafann og síðan aftur niður hægri raufina og þaðan í aðra hvora stýringu D á nálarhöldunni.


Varúð: Ef tvinninn er ekki lagður í þráðgjafann, þá flækir vélin tvinnann og hann festist í gríparanum.

Þræðingu á nálinni er lýst á næstu blaðsíðu.



Innbyggði þræðarinn


Þræðarinn auðveldar þræðingu nálarinnar. Setjið saumfótinn niður. Ýtið þræðaranum alveg niður og snúið honum þannig að krókurinn F fari í gegn um nálaraugað. Setjið tvinnann um krók E og síðan undir krókinn á þræðaranum. Látið þræðarann nú ganga hægt til baka og alla leið upp. Tvinninn kemur nú sem lykkja í gegn um nálaraugað og hægt er að draga endann í gegn.





Fótlyftir

Fótlyftirinn (51) er staðsettur aftan á vélinni og með honum er hægt að lyfta saumfætinum og setja hann niður.



Undirtvinnanum náð upp

Lyftið saumfætinum - haldið í yfirtvinnann og snúið handhjólinu fram á við þar til nálin hefur farið niður og kemur upp aftur. Togið undirtvinnann upp.



Tvinnarnir undir fótinn

Lokið lokinu yfir gríparanum og leggið yfir og undirtvinnann undir fótinn til vinstri.



Tvinnahnífur

Rennið báðum endunum aftan frá og fram á við í tvinnahnífinn (49) sem er staðsettur aftan til á armlokinu.



Skipt um saumfót



Slökkvið á vélinni

Þrýstið ofan á fótinn að aftan og lyftið honum aðeins upp að framan og við það dettur hann af fóthöldunni (30).




Saumfótur settur á vélina

Lækið fótlyftir (51) og færið fótinn þannig undir fóthöldunni (30) að tittirnir á fætinum falli í raufarnar á höldunni.




Athugið:

Hvort fóturinn situr rétt með því að lyfta honum nokkrum sinnum með fótlyftinum.



Yfirtvinninn stilltur

Stillið yfirtvinnaspennuna (35) miðað við örina. Viðmiðunarstillingar gætu verið á 4 til 5 fyrir venjulega sauma, en á 3 þegar verið er að stoppa í, sauma hnappagöt eða skrautsauma.



Spólað í gegnum nálina

Það er einnig hægt að spóla á spóluna með tvinnanum sem er þræddur í nálina. Setjið fótlyfti (51) í efstu stöðu. Dragið tvinnann undir saumfótinn og síðan upp hægri þræðiraufina (34).



Setjið tvinnann síðan frá vinstri til hægri í þræðgjafann (40).

Áríðandi; Þræðgjafinn verður að vera í efstu stöðu.



Leggið tvinnann síðan aftan frá undir stýringu C. Snúðið tvinnanum síðan nokkrum sinnum réttisælis utan um spóluna - ýtið spólaranum til hægri - haldið lauslega um tvinnaendann og stígið á mótstöðuna.





Skipt um nál



Slökkvið á vélinni

Nálin fjarlægð: Setjið saumfótinn niður og setjið nálina í efstu stöðu. Losið um festiskrúfuna (52) og fjarlægið nálina.

Nálin sett í: Setjið nýja nál þannig að flati leggurinn A snúi aftur og ýtið henni eins hátt og hún kemst. Haldið nálinni fastri og herðið nálskrúfuna (52).



Tvíburanálur þræddar:

Skiptið um og setjið tvíburanál í nálarhölduna (sjá skipt um nál). Setjið aukakeflispinnann á vélina og tvinnakefli á sitt hvorn keflispinnann. Þegar þrætt er í vinstri þræðiraufina (34) verður að gæta þess að tvinnarnir fari sitt hvoru megin við spenniskífurnar B í yfirtvinnaspennunni. Þræðið að öðru leyti eins og venjulega, en gætið þess að tvinnarnir flækist ekki saman. Þræðið tvinnana síðan í sitt hvora stýringuna á nálarhöldunni og þræðið nálarnar á venjulegan hátt. (Sjá einnig: “Skrautsaumar með tvíburanálum” bls. 85).


Ath: að ekki er hægt að þræða tvíburanálur með innbyggða þræðaranum.



Innbyggði efri flytjarinn

Til að sauma saman þykk, hál og jafnvel einnig þunn erfið efni þá býður PFAFF upp á frábærlega góða lausn; Innbyggða efri flytjarann.


Þegar hann er settur í samband, þá flytur vélin efnin ekki aðeins að neðan heldur einnig að ofan. Vélin klemmir efnin saman eins og í töng og þar með geta þau ekki misfærst. Þetta er einnig mjög gott að nota á þunn efni eins og silki og ýmiss gerfiefni, en efri flytjarinn kemur í veg fyrir að þessi efni rykkist eins og koma vill fyrir ef þessi efni eru aðeins flutt með neðri flytjaranum. Auðvelt er að sauma saman köflótt og röndótt efni án þess að þau misfærast.



Efri flytjarinn settur í samband

ATHUGIÐ; Alla fætur sem eru með rauf að aftan er hægt að nota með efri flytjaranum.

Lyftið saumfætinum og ýtið efri flytjaranum (31) niður þar til hann smellur í samband.




Efri flytjarinn tekinn úr sambandi

Takið um efri flytjarann (31) með tveimur fingrum þar sem hann er rifflaður - ýtið lauslega á hann niður á við og takið hann úr rauf fótans um leið. Fer hann þá aftur í sína efri stöðu.



Rendur og kaflar standast á þegar efri flytjarinn er notaður og efnin misfærast ekki.




Flytjarinn tekinn úr sambandi

Við suma sauma verður að taka flytjarann úr sambandi t.d. þegar verið er að sauma bútaaum fríhendis, þegar verið er að stoppa í, festa tölur á flíkur eða verið er að hreinsa vélina.

Lyftið saumfætinum áður en þið takið flytjarann úr sambandi. Ýtið síðan loku A til vinstri.

Til að setja hann aftur í samband er stilli A ýtt til hægri.



Einnig er hægt að taka flytjarann úr sambandi með því að opna lokið yfir gríparanum og ýta stilli B til hægri. Til að setja flytjarann aftur í samband er stilli B einfaldlega ýtt aftur til vinstri.

Lyftið saumfætinum áður en flytjarinn er tekinn úr sambandi eða settur aftur í samband.

Takkar vélarinnar

Birtustilling á skjá	36
Saumarnir valdir	36
Spóluvaki - spólan tóm ? (vél 2046)	37
Mynsturstærð breytt	37
Breyting á sporbreidd og nálarstöðu	38
Breyting á mynsturbreidd og sporlengd	38, 39
Breyting á mynsturlengd og sporþéttleika	39
Jafnvægi í saumum	40
Info takkinn / Afturábaktakinn	41
Elektrónisku valtakarnir	42
“Læsingar” takki	43
Tvíburanál	44
Uppbygging saumanna	45



Birtustilling á skjá

Hægt er að breyta birtustillingunni á skjánum eftir því við hvaða birtuáðstæður er verið að nota vélina.

Auðvelt er að stilla þessa stillingu með birtustillingum (54).



SVal fyrir sauma á vél 2046



Val fyrir sauma á vél 2036

Val á saumum

Hægt er að velja saumana á þrjá mismunandi vegu:

1. Með valhjólinu (veltirofa á vél 2036); og skruna þá afturábak eða áfram í saumunum.

Réttisælis = flett fram á við

Rangsælis = flett aftur á bak

Vél 2036:

> flett fram á við

< flett afturábak

Ef þú ert á síðasta saumnum, nr. 88, (nr. 61 á vél 2036) og flettið áfram, þá er byrjað framan frá á saum nr. 0 á nýjan leik.

2. Með valtökkunum til að komast beint inn á algengustu saumana (0 - 9) og til að velja stafrófin.
3. Með valtökkunum til að velja númer viðkomandi saums: Til að velja saum nr. 23, er fyrst ýtt á takka 2 og síðan á takka 3. Númer viðkomandi saums kemur á skjáinn..



Spóluvaki (vél 2046)

Þegar verið er að sauma og aðeins 2 til 3 metrar af tvinna eru eftir á spólunni, þá kviknar á ljósinu með spólunni á skjánum.

Þetta tákn hverfur svo þegar búið er að setja nýja og fulla spólu í vélina og byrjað er að sauma á ný.



Mynsturstærð breytt

Með -/+ tökkunum A, B og C sem eru til hliðar við skjáinn er hægt að breyta sporlengd, sporbreidd, jafnvægi í saumum, þéttleika eða nálarstöðu í viðkomandi saum. Breytingarnar eru sýndar á skjánum.

Til að breyta:		Notið -/+ takka:
	Sporbreidd	A
	Mynsturbreidd	
	Nálarstöðu fyrir beina sauma	
	Sporlengd	B
	Mynsturlengd	
	Sporþéttleika	C
	Þéttleika í mynstri	
	Jafnvægi í mynstri	



Breyting á sporbreidd

Með tökkum A er hægt að sauma viðkomandi saum í mismunandi breiddum t.d. zik zak saum nr. 3.



Nálarstöðu eða sporlegu breytt.

Beinan saum nr. 1, saum nr. 2 og saum nr. 11 er hægt að sauma með nálina í 13 mismunandi stöðum með því að ýta á -/+ á takka A og færa þar með nálina annaðhvort til vinstri eða hægri í saumfætinum.



Breyting á mynsturbreidd, þ.e.a.s.

Saumur 75 (saumur 56 í vél 2036)

Á skrautsaumum er heildarbreidd saumsins sýnd á skjánum. Þegar saumur 75 kemur á skjáinn kemur hann í fyrirfram ákveðinni breidd, en hægt er að breyta henni með -/+ tökkunum A.



Breyting á sporlengd

Hægt er að breyta sporlengdinni með því að nota -/+ á tökkum B.



Breyting á mynsturlengd

Einnig er hægt að breyta mynsturlengd skrautsaumanna með -/+ tökkunum B. Þéttleikinn á viðkomandi mynstri breyttist ekki við þetta.



Breyting á sporþéttleika

Á ýmsum saumum eins og t.d. hnappagötum, flatsaum o.s.frv., er hægt að breyta sporþéttleikanum. Mynstrið eða saumurinn verður saumaður í sömu lengd og ákveðinn var, en þéttleikinn verður annað hvort þéttari eða gisnari með -/+ tökkunum C.



ΣΣ Jafnvægi

Útsaumsmynstur og þá sérstaklega stærri mynstur geta verið mismunandi á hinum ýmsu efnum. Vélin flytur t.d. ullarefni öðruvísi en þunnt silki. Stilling á jafnvægi breytir afturábakflutningnum í viðkomandi mynstri þannig að það saumist jafn vel á öll efni.

Eftir að hafa valið ákveðið mynstur kemur tákn með "0" fyrir aftan það neðan til og hægra megin á skjánum. Þetta tákn segir til um að hægt er að breyta jafnvæginu á viðkomandi saum.



Venjulega stillingin fyrir jafnvægi er "0".

Með -/+ tökkunum C er hægt að breyta afturábakflutningnum frá -9 til (+)9.

Á mínusgildi verða mynstrin styttri - og þjappast þar með saman.

Á plús-gildum verða mynstrin lengri - og þar með tognar á þeim.



Info takkinn

Með því að ýta á þennan takka er hægt að fá upplýsingar um þann saum sem valinn var.

Info upplýsingar

Info upplýsingar gefa þér eftirfarandi upplýsingar; nálarstærð og nálartegund, stillingu á yfirtvinnaspennu, á efri flytjari að vera í sambandi eða ekki, á að taka neðri flytjarann úr sambandi og blaðsíðufjölda með upplýsingum.



Afturábak saumur

Takkann er hægt að nota á mismunandi vegu:

- fyrir afturábaksaum eins lengi og takkanum er haldið
- ef eingöngu á að sauma afturábak, er ýtt á þennan takka áður en byrjað er að sauma og þá saumar vélin afturábak þar til ýtt er aftur á takkann.
- til að hefta fyrir hnappagöt þegar hnappagöt eru saumuð handvirkt (sjá bls. 72)
- til að forrita hnappagöt
- ákvarða lengd við ístopp (vél 2046) (sjá bls.62)
- setur sjálfvirka mjókkun/breikkun í gang (sjá bls. 89-90)



Elektrónískir valtakarnir

Fyrir neðan skjáinn eru fjórir elektrónísku valtakarnir. Með því að ýta á þessa takka er hægt að velja um "heftingu" í byrjun og/eða lok saums, "setja nálina í efstu eða neðstu stöðu", "sauma hægt" og "mynsturspeglun".

Takki "Heftingar" (36)

Ef ýtt er á þennan takka áður en byrjað er að sauma, kemur tákn hans á skjáinn. Vélin byrjar síðan á því að hefta fyrir sauminn í upphafi og þá hverfur tákníð af skjánum. Til að hefta fyrir í lok saums er einfaldlega ýtt aftur á þennan takka á meðan vélin saumar - tákníð kemur aftur á skjáinn og að saum loknum heftir vélin fyrir og tákníð hverfur af skjánum.

Takki "Nálin uppi / Nálin niðri" (37)

Með þessum takka er ákvarðað hvort nálin stöðvast í efstu eða neðstu stöðu þegar vélin hættir að sauma. Tákníð kemur á skjáinn ef valin er staðan "nálin niðri". Stígið á fótmótstöðuna og nálin fer ofan í efnið. Nálin stöðvast nú niður í efninu í hvert sinn sem hætt er að sauma og er þetta sérstaklega þægilegt þegar snúa þarf efninu á hornum. Til að setja nálina aftur í efstu stöðu er einfaldlega ýtt aftur á þennan takka og þá hverfur tákníð af skjánum.

Takki "Saumað hægt" (38)

Þegar ýtt er á þennan takka, þá saumar vélin á hálfum hraða, en þó með fullu afli. Tákníð birtist á skjánum og hverfur þegar ýtt er á takkann á ný.

Takki "Mynsturspeglun" (39)

Á öllum saumum sem hægt er að sauma í spegilmynd (öxulspeglun) þá kemur þetta tákn á skjáinn. Ef ýtt er á takkann "mynsturspeglun" kemur punktur fyrir neðan tákníð sem sýnir að það saumast nú speglað.



Takki "læsing á tökkum"

Takki "mynsturspeglun": (39)

Með "læsingartakkanum" getið þið læst tökkum vélarinnar, og þannig komið í veg fyrir að óvart sé ýtt á einhvern takka og þar með sé vélin stillt á aðra sauma.

"Læsingartakinn" gerður virkur:

Ýtið á takkann  þar til mynd af lás kemur á skjáinn. Táknid hverfur þegar takkanum er sleppt. Nú verða beinvalstakkarnir (15 til 26), svo og takkinn  (7) og valskífan læst. Þar með er tryggt að ekki sé óvart komið við þessa takka á meðan saumað er og fyrri vali breytt í miðjum saum.

Minnistakinn **m+** (14), bendilstakinn (8) og takkinn til að hreinsa / byrjun á mynstri (9) verða eftir sem áður virkir. Ef "læsingar" takkinn hefur verið gerður virkur, og búið að velja mynsturröð, þá er enn hægt að breyta þessari röð. Hægt er að skruna innan raðarinnar hvenær sem er. Það er hægt að velja aðgerðartakkana og hægt er að breyta sporlengd / sporbreidd, mynsturlengd / mynsturbreidd, mynsturbéttleika og jafnvægi.

Ath: Einnig er hægt að spegla mynstur með því að ýta snögg á speglunartakkann  (39).



"Læsingartakinn" gerður virkur aftur:

Ýtið á takkann  (39) þar til táknid með opnum lásnum kemur á skjáinn. Nú er búið að slökkva á læsingaraðgerðinni. Táknid hverfur um leið og takkanum er sleppt.



Tvíburanál

Þetta viðvörunartákn getur komið á skjáinn eftir því í hvaða stöðu nálin er eða eftir breidd saumsins sem á að sauma. Þetta merki þýðir að ekki sé hægt að sauma þetta mynstur með tvíburanál í þeirri breidd sem stillt hefur verið á.



Minnskið breiddina á mynstrinu þar til þetta viðvörunarmerki hverfur. Þá er hægt að sauma það með tvíburanál með nálar millibili 2,0 eða minni.



Uppbygging mynstranna

Uppbygging mynstranna er mismunandi.

Sum mynstur eru byggð út frá vinstri hlið, þ.e.a.s. ef sporbreiddinni er breytt, þá breytist eingöngu hægri hlið mynstursins. Vinstri hliðin er óbreytt.



Mynstur sem eru byggð upp út frá hægri hlið halda ávallt hægri hliðinni óbreyttri, óháð breytingum sem eru gerð á breidd þeirra.

Ath: Notið ekki tvíburanálar á mynstur sem eru byggð út frá annarri hliðinni.!

Notið ekki tvíburanálar ef viðvörðunarkerkið fyrir tvíburanálar kemur á skjáinn (sjá bls. 44).



Mynstur sem byggð eru upp út frá miðju minnka og breikka jafnt til beggja hliða ef þeim gildum er breytt.

Mynsturraðir

Samblöndun mynstra	48
Takkar fyrir mynsturraðir	49
Mynstur geymd í minni	49, 50
Eytt úr mynsturröð	50
Mynstri bætt inn í mynsturröð eftir á	51
Mynsturröð eytt	51
Eytt úr öllum M-minnum	52
Mynstri breytt innan mynsturraðar	52
Aðgerðin "mynsturbyrjun"	52






Mynstur tengd saman

Á expression vélunum er auðvelt að tengja saman mynstur, bókstafi eða orð og geyma þau í minni vélarinnar. Þetta er síðan geymt í minni vélarinnar þar til því er eytt eða skrifað yfir það.

Í vélinni quilt expression 2046 eru 6 m-minni en í vélinni expression 2036 eru 3 m-minni. Í hverju minni er hægt að geyma allt að 20 mynstur eða bókstafi.



Takkar fyrir mynsturraðir

Við hliðina á valhjólinu (veltirofunum á vél 2036) eru eftirtaldir takkar:

“M” takki:  til að opna eða loka m-minni.

m+: til að setja mynstur í m-minni.

Takki **cl/mynsturbyrjun:** til að eyða mynstrum úr m-minnum. Þegar m-minni er ekki opið eða virkt, þá er hægt að stilla mynstur á byrjun hvers mynsturs með því að ýta á þennan takka.

Takkar fyrir bendla: til að velja m-minni og til að skruna í gegn um m-minni sem eru opin.

Takkar **A-Z** (2 x á 2046, 1 x á 2036): fyrir beint val á stafagerðum.



M-minni opnað

Ýtið á “M” takkann .

Á skjánum birtist yfirlit yfir öll m-minnin. Veljið laust minni með því að færa bendilinn (8) á laust minni.




Opnið laust minni með því að ýta aftur á “M” takkann  (7).



Á skjánum birtist táknið .

Veljið mynstrið sem nota á með því að nota beinvalstakkana (15-26), eða skrunið í gegn um mynstrin eða stafrófin með valhjólinu. Setjið viðkomandi í minnið með því að ýta á takkann m+ (14).



Eftir að hafa sett mynsturröðina í vélina er strax hægt að byrja að sauma. Allir saumar sem búið er að sauma verða sjálfkrafa geymdir í minni vélarinnar, líka eftir að búið er að slökkva á henni.


Ráð: Ef eingöngu á að sauma viðkomandi mynsturröð einu sinni, en ekki að láta hana endurtaka sig, þá er gott að ýta á takkann fyrir heftingu (36) eftir að hafa byrjað að sauma. Þá heftir vélin fyrir eftir síðasta mynstrið og stöðvast sjálfkrafa.



Mynstri eytt úr mynsturröð eftir á

Ef eyða á einstöku mynstri úr mynsturröð eftir að búið er að setja röðina í minni vélarinnar, þá farið einfaldlega með bendilinn þar til hann er fyrir neðan viðkomandi mynstur á skjánum. Bendillinn — verður að vera fyrir neðan það mynstur sem eyða á. Ýtið á "hreinsitakkann" (9).

Eftir að viðkomandi mynstri hefur verið eytt færast þau mynstur sem á eftir koma að bendlinum.



Mynstri bætt inn í eftir á

Ef bæta þarf inn aukalegu mynstri í einhverja mynsturröð, þá er farið með bendiltakkann á viðkomandi stað í mynsturröðinni. Bendillinn — verður að vera staðsettur fyrir framan það mynstur sem bæta á inn við (staðan á oddi bendilsins). Veljið síðan mynstrið sem bæta á inn og setjið það í minnið með því að ýta á m+ takkann (14). Eftir að hafa bætt mynstrinu inn, þá færast bendillinn á sporið sem bætt var við í röðina.



Mynstri bætt inn í byrjun mynsturraðarinnar

Ef bæta á inn mynstri í byrjun mynsturraðar, þá er flett með bendiltakkanum til vinstri. Þegar bendillinn er kominn á byrjunarreitinn þá kemur táknið fyrir mynsturbyrjun á skjáinn . Veljið nú mynstrið sem á að bæta framan við og setjið það í minnið með takka m+ (14). Mynstrið kemur nú fyrir framan eldri mynsturröðina.



Mynsturröð eytt

Hægt er að eyða mynsturröð með því að ýta á "eyða" (cl) takkann (9) þar til minnið er tomt.



Mynsturröð eytt

Mynsturröð er eytt með því að ýta á takkann "eyða" (cl) (9) um leið og kveikt er á vélinni.



Mynstri sem er í mynsturröðinni breytt

Til að breyta lengd eða breidd á mynstri sem er í mynsturröðinni, þá er bendillinn staðsettur fyrir neðan viðkomandi mynstur. Nú er hægt að breyta viðkomandi mynstri.



Aðgerðin "mynsturbyrjun"

Ef hætt hefur verið að sauma og óskað er eftir því að mynstur byrji aftur á mynsturbyrjuninni, þá verður að færa bendilinn — eins langt til vinstri og hægt er eða þar til táknið ◀ sést á skjánum. Ýtið þá á cl/ mynsturbyrjun takkann (9).

Nytjasaumar

Óteygjanlegir / teygjanlegir saumar	54-58
Rennilásar	54
Overlock saumar	60
Töluáfesting	61
Ístopp og bætur	59, 62, 63
Rykkingar	64
Þekjusaumar	65
Faldsaumar	65
Földun	66
Skeljasaumur	67






Beint spor - saumur – 1

Saumur 1 er venjulegur beinn saumur með nálarstöðu í miðju. Sporlengdina er hægt að lengja upp í allt að 6 mm. Nálarstöðunni er hægt að breyta t.d. þegar verið er að sauma rennilása eða stinga nálægt jöðrum. Vélarnar 2046 og 2036 er hægt að stilla á 13 mismunandi nálarstöður sem stilltar eru með $\pm$ tökkunum "A".




Ráð: Notið "nálin uppi / nálin niðri" til að snúa á jaðarshornum.



Rennilásar – 1

Um er að ræða mismunandi aðferðir til að sauma rennilása, og við mælum með því að þið farið eftir þeim leiðbeiningum sem fylgja sniðinu sem þið eruð að nota.

Í öllum rennilásasaum er áriðandi að sauma sem næst tönnum lásanna. Hægt er að smella rennilásafætinum á fóthölduna annðhvort vinstra eða hægra megin, allt eftir því hvernig sauma á lásin. Stillið síðan nálarstöðuna þannig að nálin stingi sem næst tönnum lássins, en það gerið þið með því að færa nálina í einhverja af 13 mögulegum stillingum fyrir hana. Ef fóturinn er settur á hægra megin þá verður aðeins að færa nálina til hægri, ef hann er settur á vinstra megin verður að færa nálina til vinstri.




Þræðispor – 10

Með saum 10 er hægt að þræða saman saumhluta til mátunar áður en þeir eru endanlega saumaðir saman. Í hvert sinn sem stígið er á mótstöðuna saumar vélin aðeins eitt spor. Stígið á mótstöðuna fyrir hvert spor.

- Takið flytjarann og efri flytjarann úr sambandi.
- Setjið efnið undir saumfótinn.
- Saumið eitt spor og togið efnið síðan afturábak undan fætinum eins langt og þræðisporið á að vera.
- Endurtakið þar til flíkin er öll þrædd.

Ráð: Til öryggis er ráðlegt að næla efnin saman með tituprjónum til að tryggja að þau misfærast ekki. Setjið tituprjónana þvert á sauminn eins og myndin sýnir. Þunn efni er einnig hægt að þræða með löngu beinu spori nr 1 og stilla á 6 mm sporlengd.



Stungusaumar

Beina sauminn er hægt að sauma í 13 mismunandi nálarstillingum í saumfætinum þannig að alltaf er hægt að láta brún fótans nema við jaðar efnisins. Einnig er hægt að sauma tvær jaðarstungur og hafa nálamillibilið mismunandi á milli saumanna. Fyrst alveg að jaðrinum og seinni umferðin fjær jaðrinum.

Þið getið einnig látið saumfótinn ráða millibílinu með því að láta jaðar hans renna eftir fyrri saumnum. Ef sauma á fjær jaðrinum er mjög gott að nota rendurnar á stingplötunni sem viðmiðun eða þá að nota jaðarstýringuna. Rendurnar á stingplötunni eru gefnar upp í cm og tommum. Jaðarstýringin er sett í gegn um gat C og fest með skruflu F.



Þykkir jaðrar

Ef byrja þarf saum utarlega á mjög þykkum jaðri er gott að setja jafnþykkt efni undir fótinn aftan við nálina. Þá á vélin auðveldara með að fara af stað.



Blindfaldur saumur – 5

Blindfaldur hentar vel til að falda t.d. pils og buxur án þess að saumurinn sjáist á réttunni.

- Byrjið á því að kasta saumbrúnina.
- Brjótið faldinn eins og hann á að verða og strauðið hann inn á við.
- Brjótið hann aftur út á við þannig að ca. 6 mm. standi út frá faldinum þar sem hann á að saumast. Rangan á nú að snúa upp.
- Leggið faldinn nú þannig undir fótinn og látið brotlínu hans renna meðfram stýringu B.
- Þegar nálin kemur niður vinstra megin í fald efnisins má hún aðeins stinga í einn þráð efnisins. Ef sporin sjást á réttunni þá þarf að færa stýringuna B en það er gert með stilliskrúfunni A.



Teygjanlegur blindfaldur saumur – 6


Þessi saumur hentar mjög vel á teygjanleg efni. Brúnin er höfð mjó og þá eru brúnir hennar kastaðar um leið og faldurinn er saumaður.

Brjótið faldinn eins og lýst er hér að ofan.



Zik zak saumur – 3

Með zik zak saum 3 er t.d. hentugt að kasta brúnir á efnum. Látið nálina stinga niður í efnið í vinstra sporinu en út fyrir jaðarinn í hægri sporinu.



Þriggja þrepa zik zak saumur – 15 (17/2036)

Þriggja þrepa zik zak saumurinn er mjög teygjanlegur og um leið fallegur saumur. Hentar t.d. vel á falda á T-bolum og undirfatnaði, og með fallegum tvinna sem skrautsaumur á gallabuxur o.fl.


- Brjótið faldinn í þá breidd sem hann á að vera.
- Saumið síðan yfir hann á réttunni, eða þræðið fallegan tvinna sem yfirtvinna og saumið.

Ráð: Minnkið aðeins yfirtvinnaspennuna ef sauma á skrautsaum.



Þriggja þrepa beinn saumur – 2

Þessi saumur hentar mjög vel á alla sauma sem mikið reynir á, svo sem skrefsauma á buxum, skíðafatnað, sundfatnað o.þ.h. Hafið sporlengdina lengri ef um þykk efni er að ræða.



Teygjanlegur saumur – 4


Notið þennan saum nr.4 til að sauma teygjur á fatnað.

- Til að búa til streng, kastið þá jaðarinn sem teygjan á að festast við.
- Klippið teygjuna í hæfilega mittislengd.
- Saumið enda teygjunnar saman.
- Deilið jaðrinum á flíkinni og teygjunni í fjóra jafna hluta.
- Teygið á teygjunni þannig að hún henti hverjum fjórðung og saumið hana fasta.



Vöflusaumur – 17 (19/2036)

Vöflusaumurinn er teygjanlegur og fallegur saumur og tilvalinn á falda á barnafatnaði, undirfatnaði og T-bolum.



Stoppað í með teygjanlega saumnum – 4

Það er mjög gott að nota þennan saum til að gera við smágöt, rifur og skemmd svæði.

- Ef um litla skemmd er að ræða er e.t.v. nægjanlegt að sauma yfir skemmdina með nokkrum röðum af sporinu, en gætið þess að sporin nái ávallt inn á sporin í næsta saum á undan.
- Ef um göt eða trosnaðar brúnir er að ræða, þá getur verið gott að leggja bút af samskonar efni undir skemmdina og þá þarf búturinn að vera aðeins stærri en skemmda svæðið. Þetta styrkir svæðið og þegar búíð er að gera við er umframefnið einfaldlega klippt frá á röngunni.



Bætur settar í – 4

Til að gera við stærri skemmdir verður að setja bót úr samskonar eða svipuðu efni á skemmda svæðið.

- Klippið bút af efni og hafið hann aðeins stærri en skemmda svæðið er.
- Saumið síðan með teygjanlega saumnum eftir brúnum bótarinnar.
- Að lokum er svo skemmdi staðurinn klipptur frá á röngunni þétt upp við sauminn.



Gert við rifur

Ef um rifur, trosnaðar brúnir eða lítil göt er að ræða, þá er gott að setja bút af svipuðu efni undir á röngunni. Það styrkir svæðið og gerir viðgerðina sterkari.

- Leggið bút af svipuðu efni undir svæðið og þessi bútur þarf að vera aðeins stærri en skemmdin sjálf.
- Saumið síðan yfir skemmda svæðið.
- Klippið síðan umfram efnið á röngunni þétt upp við sauminn.

Overlock saumar

Henta mjög vel fyrir þrjónuð, ofin og teygjanleg efni og í vélunum 2036 og 2046 er um nokkra slíka sauma að velja. Með þessum saumum er auðvelt að sauma saman fleiri lög af þessum efnum og ganga frá jaðrinum um leið. Þessir saumar eru teygjanlegir og eru sterkari en venjulegir saumar.

Ráð: Notið blindföldunarfótinn nr. 3 þegar þið saumið þessa sauma. Hann stýrir efninu betur og einnig kemur hakið á honum í veg fyrir að jaðarinn herpist saman ef um breiðan saum er að ræða. Stillið sporbreiddina og tunguna á fætinum þannig að nálin stingi út fyrir jaðarinn og tunguna á fætinum þegar hún stingur niður hægra megin.



Lokað overlock saumur - 7

Þessi saumur hentar vel til að ganga frá faldi á fatnaði.

Brjótið efnið 1 cm og saumið lokaða overlocksauminn á réttuna á brotna efninu. Þegar þið hafið lokið saum, klippið þið umframefnið frá.



Lokaður overlocksaurur með jaðarþræði – 19 (21/2036)

Ef sauma á efni þar sem jaðarnir rakna mikið þá er tilvalið að nota þennan saum. Þessi saumur er með jaðarþræði, sem hindrar að jaðarinn rakni.

Overlock saumur – 16 (18/2036)

Opni overlock saumurinn hentar vel til að sauma saman föst efni, sem rakna ekki mikið.



Peysusaumur – 20 (22/2036)

Þennan saum er best að sauma með fætinum fyrir þrjónajaðra (aukahlutur) og hentar vel fyrir gróft þrjón. Hann hentar einnig mjög vel fyrir þrjón með úrtökum.

Ráð: Ef um lausþrjónuð efni er að ræða, er gott að láta teygjutvinna eða ullargarn renna með inn í sauminn um leið og saumað er.



Töluáfesting – 0

Með saum nr. 0 er mjög auðvelt að festa tveggja og fjögurra gata tölur á fatnað og þessi saumur raknar ekki upp.

- Takið saumfótinn af vélinni og flytjarann úr sambandi. (verið einnig viss um að efri flytjarinn sé ekki í sambandi).
- Merkið fyrir tölunni á efnið og setjið töluna síðan á merкта svæðið.
- Snúið handhjólinu fram á við og staðsetjið töluna þannig að nálin stingi ofan í vinstra gat tölunnar.
- Setjið fóthölduna niður þannig að hún haldi tölunni á réttum stað. Snúið handhjólinu og fullvissið ykkur um að hún stingi líka í hægri gat tölunnar.
- Saumið töluna nú fasta. Vélin saumar til enda og heftir fyrir með beinum heftisporum í lokin.

Ráð: Þið getið einnig notað sérstakan töluáfestifót sem fæst sem aukahlutur.



Kóssar – 84 (Vél 2046)

Til að sauma kóssa á belti eða léreft, þá veljið þið saum 84.



Sjálfvirkt ístopp – 85 (Vél 2046)

Saumur 85 er til að styrkja skemmd svæði og gera við rifur.


- Saumið yfir skemmda svæðið.
- Ýtið á afturábak takkann; Nú er lengd stoppsporsins komið í minni vélarinnar.

Nú er hægt að endurtaka sauminn eins oft og nauðsynlegt er - vélin saumar nákvæmlega sömu lengd af stoppspori eins og valin var.




Allt eftir efnum, þá getur verið að stoppsporið verði ekki jafnhyrnt, heldur komi skakkt út. Þetta er hægt að leiðrétta með jafnvægisstillingum. (sjá kaflann um "jafnvægi" bls. 40).

Ef sporin líta svona út þá þarf að stilla jafnvægið með plús-takkanum fyrir jafnvægið.




Ef sporin líta svona út þá þarf að stilla jafnvægið með mínus-takkanum fyrir jafnvægið.




Stoppað í með beinu spori – 1

- Setjið stoppfótinn nr. 6 á vélina. Setjið nálina í efstu stöðu. Klemmið fótinn saman með þumal og vísifingri. Setjið tittinn á fætinum eins langt og hann kemst í gatið á fóthöldunni og athugið að hökin á fætinum falli þétt utan um fótstöngina. Langi plastarmurinn á fætinum á svo að leggjast ofan á nálarskrúfuna.




- Fótlyftir í stoppstöðu: Setjið fótlyftinn varlega niður og ýtið um leið lauslega á hann aftur á bak þannig að hann stöðvist neðst í rauðinni. Þetta er hin svokallaða stoppstaða.
- Takið flytjarann úr sambandi.
- Náið undirtvinanum upp og haldið í báða tvinnaendana þegar byrjað er að sauma.



- Saumið nú yfir skemmda svæðið með því að færa rammann með íspennnu efninu fríhendis fram og til baka með jöfnum hreyfingum. Spennið þræðina þétt við hliðina á hvor öðrum og saumið í boga fyrir endana.
- Þegar búið er að hylja svæðið með reglulegum sporum er efninu snúið um 90° og stoppað yfir á hinn veginn þar til búið er að fylla gatið upp.

Ráð: Munið að þegar flytjarinn er ekki í sambandi þá fer sporlengdin eftir því hvernig efnið er fært fríhendis. Galdurinn er að færa efnið í réttu hlutfalli við hraða vélarinnar og best er að sauma með meðal eða frekar miklum hraða en færa efnið jafnt og rólega um leið. Ef saumað er of hægt er hætta á að hnútar myndist á röngunni.



Rykking með beinu spori – 1

Með beinu spori er hægt að ná fram rykkingu á ermum, líningum, pílsum o.fl. Til að ná fram jafnri rykkingu verður að sauma 2 til 4 sauma hlið við hlið.

- Stillið sporlengdina á 6 mm., minnkið yfirtvinnaspennuna þó nokkuð eða t.d. á 3 og notið sterkan tvinna.
- Merkið fyrir fyrsta saumnum á réttunni. Saumið síðan fyrsta sauminn og látið að lokum ca. 10-15 cm tvinna standa út úr efninu.
- Saumið 1, 2 eða fleiri sauma í fótARBREIDD frá þeim fyrri.
- Að lokum er tekið í alla undirtvinnana og efnið dregið til þar til þeirri rykkingu er náð sem óskað er eftir.
- Jafnið úr rykkingunni og hnýtið síðan endana saman til að tryggja að þeir rakni ekki upp.

Ráð: Það er mjög áreiðandi að nota sterkan tvinna í svona vinnu því finnst tvinni myndi slitna þegar ná á fram rykkingaráhrifunum.



Rykking með gúmmíþræði – 17 (19/2036)

Með teygjutvinna er hægt að ná fram fallegri rykkingu á ermar og mitti.

- Merkið fyrir fyrsta rykkingarsaumnum á efnið. Saumið nokkur spor þar til nálin er í miðri rauf fótARINS og látið hana vera ofan í efninu. Lyftið saumfætinum og bregðið teygjutvinnanum utan um nálina aftan frá.
- Lækkið saumfótinn og saumið nokkur spor til að festa teygjutvinnann við efnið. Gætið þess alla vega að nálin stingi ekki í teygjutvinnann á meðan saumað er og togið ekki í tvinnann á meðan saumað er.
- Þegar búið er að sauma er togað í teygjutvinnann og á þann hátt ráðið þið sjálf hversu mikla rykkingu þið viljið ná fram. Að lokum eru allir tvinnaendarnir hnýttir saman eða saumað tryggilega yfir endana.

Ráð: Mjög gott er að nota snúrufót (aukahlutur) við þetta því þá liggur teygjutvinninn alltaf í raufum fótARINS.




Þekjusaumar – 8 eða 13 (14/2036)

Þekjusaumar eru fínlegir og flatir saumar sem henta vel þar sem ekki er hægt að nota kastaðar brúnir eða saumfar.

- Kastíð jaðrana og strauíð þá síðan inn undir á rönguna.
- Setjið jaðrana með ca. 3ja mm millibili undir saumfótinn.
- Saumið síðan á réttunni, en aðgætið að nálin verður ávallt að stinga í efnin þegar hún stingur niður vinstra og hægra megin.


Ráð: Það er auðveldara að sauma þetta ef þið kaupíð ykkur "fagott" stýringu (fæst aukalega). Hún fæst í 3 mm og 5 mm breidd og er fest í gatið á stingplötunni.



Króksaumur fyrir falda – 18 (20/2036)

Þessi teygjanlegi saumur hentar mjög vel til að falda undirfatnað og T-boli með fallegum skrautsaum.

- Brjótið jaðarinn inn undir rönguna.
- Saumið faldinn síðan frá réttunni og gætið þess að saumirinn nái alltaf brotbrúninni á faldinum. Klippið síðan umfram efnið frá þétt upp við sauminn á röngunni.



Viðgerðarspor fyrir undirfatnað – 21 (Vél 2046)

Einn af mörgum þekjusaumum er lokaði þekjusaumurinn. Hann er mjög teygjanlegur og hentar t.d. mjög vel til að sauma hálsmál við flíkur eins og sportfatnað og háskolaboli.

- Saumið hálsmálið með overlockspori við flíkina eða eins og lýst er í sniðinu með flíkinni.
- Saumið nú aftur yfir á réttunni og rétt til hliðar við fyrri sauminn þannig að seinni saumurinn stingi í þann fyrri.



Földun með faldfæti nr. 7 – 1

Földun er fallegur frágangur á blússum, hálsklútum og það án þess að þurfi að strauja jaðrana áður. Földun kemur einnig í veg fyrir að það rakni úr jöðrum og frágangurinn er mjög fallegur.

- Brjótið nokkra sentímetra jaðarsins tvisvar um í ca. 2mm brot.
- Setjið faldinn undir fótinn og saumið nokkur spor.
- Látið nálina standa ofan í efninu, lyftið saumfætinum og togið efnið inn í földunarjárn fótansins.



- Lækkið fótinn og stýrið nú jaðrinum inn í fótinn um leið og saumað er. Gætið þess að jaðar efnisins sé stýrt inn í vinstri brún földunarjárnsins. Athugið að ekkert efni fari undir hægri brún fótansins.



Saumur 3

Einnig er hægt að ná fram fallegri áferð á þunn teygjanleg efni með því að nota mjótt zik zak spor.



Skeljasaumur – 5

Skeljasaumur er mjög fallegur á þunnum og mjúkum efnum. Hann er mikið notaður sem jaðarskreyting á undirfatnaði.

- Veljið blindsaum nr. 5 og speglið hann með því að ýta á takkann "mynsturspeglun" .
- Herðið aðeins á yfirtvinnaspennunni til að jaðarinn dragist betur inn.
- Brjótið efnið saman þar sem saumurinn á að vera. Þegar saumað er dregur blindföldunarsporið jaðarinn saman með reglulegu millibili og myndar þannig skeljasauminn.
- Setjið efnið þannig undir fótinn að jaðarinn sé undir miðjum fætinum og að breiða zik zak sporið í blindsaumnum nái örugglega út fyrir jaðarinn.



Ráð: Einnig er hægt að láta mislitan þráð eða perlugarn renna með jaðrinum til skrauts. Einnig er hægt að leggja mislitt þunnt efni undir jaðarinn.



Hnappagöt

Almennt um hnappagöt	70
Mælistíkan fyrir hnappagöt sett í vélina	70
Hnappagatafóturinn settur á	70
Tegundir hnappagata	71
Alsjálfvirkt hnappagat	72
Hálf sjálfvirkt hnappagat / handvirkur endir	72-73
Handstýrð hnappagöt	74
Hnappagöt með undirleggsþræði	75
Ráð um fullkomin hnappagöt	76




Hnappagöt

Í expression vélunum eru margar gerðir af hnappagötum, hnappagöt sem henta á jakka, buxur, blússur og teygjanleg efni. 4 mismunandi gerðir í vél 2046 (3 í vél 2036) og þetta eru falleg hnappagöt.

Til að hnappagötin verði öll eins, þá eru expression vélarnar með mælistiku fyrir hnappagötin (nr. 10) og innbyggðan skynjara. Með þessari tækni er jafnvel hægt að sauma falleg hnappagöt á erfið efni eins og pluss, flauel, þrjón og þykk ullarefni.

Hægt er að velja um þrjár aðferðir til að sauma hnappagötin:


- alsjálfvirk
- hálsjálfvirk
- handvirk



Mælistikan fyrir hnappagötin sett á:

Rennið járnhluta stikunnar aftan frá í raufina undir stingplötunni (á milli örvanna) en hvíti plasthlutinn liggur ofan á stingplötunni.

Ýtið stikunni fram á við þar til hún liggur þétt upp að fríarminum. Í þessari stöðu á stikan að fjaðra aðeins til baka þannig að smábíl verði á milli hennar og stingplötunnar. Ef þetta bíl er ekki til staðar þá saumar vélin ekki seinni heftinguna á hnappagötinu.



Hnappagatafóturinn nr. 5 settur á:

Notið hnappagatafót nr. 5 til að sauma hnappagöt.

Togið hann fram á við þar til komið er að öðru rauða strikinu (sjá einnig "skipt um fætur" á bls. 29). Smellið fætinum nr. 5 á fóthölduna.



Hægt er að velja á milli eftirfarandi gerða:

1) Skyrtuhnappagat nr. 9

fyrir blússur, skyrtur o.fl.



**2) Teygjanlegt hnappagat nr. 87
(Nr 60 á vél 2036)**

fyrir teygjanleg efni.



**3) Augahnappagat nr. 88
(Nr 61 á vél 2036)**

fyrir jakka, kápur og buxur



**4) Blússuhnappagat nr. 86
(aðeins á vél 2046)**

fyrir kvenfatnað og sérstaklega fyrir blússur og kjóla.

Hnappagöt



Alsjálfvirk hnappagat

Veljið hnappagat sem þið viljið sauma (t.d. nr. 9). Stillið stærð hnappagatsins með því að nota -/+ takkana B. Þið getið einnig stillt breidd hnappagatsins með því að nota -/+ takkana A, og þéttleikann í hnappagatinu með -/+ tökkunum C. Saumið eins mörg hnappagöt eins og þið viljið. Expression vélin mun sauma eins mörg hnappagöt af sömu stærð þar til stillingum verður breytt.



Hálfsjálfvirk hnappagöt


Þið getið einnig lokið við hnappagat með því að ýta á "afturábak" takkann einu sinni *eftir* að vélin hefur saumað fyrri heftinguna. Með þessu getið þið staðsett seinni heftinguna þar sem þið viljið hafa hana.



Orðið "man" kemur á skjáinn eftir að þið hafið ýtt á afturábak takkann. Þetta gefur til kynna að ljúka á við hnappagatið á handvirkan (manual) hátt. Áður en vinstri legg hnappagatsins lýkur hægir vélin á sér. Þegar vinstri leggurinn á hnappagatinu er orðinn jafnlangur og sá hægri, ýtið þið aftur á "afturábak" takkann (33).



Vélin saumar nú seinni heftinguna og heftir síðan fyrir.
Á skjánum stendur nú “auto”.



Nú er hægt að sauma eins mörg hnappagöt af sömu gerð og lengd, því fyrsta hnappagatið er nú komið í minni vélarinnar.

Ath: Ef lengd eða sporþéttleika á hnappagati sem er í minninu er breytt, fer hnappagatið úr minni vélarinnar. Það verður því að setja nýja breytta hnappagatið í minni vélarinnar á ný.



Handvirk hnappagöt

Þið getið einnig ákvarðað lengd hnappagatsins á meðan verið er að sauma það. Veljið þá gerð sem þið viljið nota. Ýtið á "afturábak" takkann. Á skjáinn kemur orðið "man" og lengdin sem áður var á skjánum hverfur.

Þegar óskaðri lengd á hnappagatinu er náð er aftur ýtt á "afturábak" takkann. Vélin saumar nú heftinguna sjálfvirk og einnig seinni legginn.

Rétt áður en vélin lýkur við að sauma vinstri legginn dregur hún úr hraðanum. Þegar þið viljið að vélin saumi seinni heftinguna er ýtt aftur á "afturábak" takkann. Vélin saumar nú seinni heftinguna, heftir fyrir með beinum sporum og stöðvast. Á skjánum stendur nú orðið "auto". Ef sauma á fleiri hnappagöt af þessari lengd, þá saumar vélin þau nú sjálfvirk, því þetta hnappagat er komið í minni vélarinnar.

Ath: Þegar nýr saumur eða annað mynstur er valið, þá hverfur þetta hnappagat úr minni vélarinnar.

Þið getið einnig sett seinni heftinguna á handvirkan hátt á jafnvel á hnappagati sem hefur verið sett í minni vélarinnar. Ýtið aftur á "afturábak" takkann einu sinni eftir að hafa saumað fyrri heftinguna. Orðið "man" kemur nú á skjáinn. Þetta gefur til kynna að ljúka þurfi hnappagatinu á handvirkan hátt. Áður en vinstri legg hnappagatsins lýkur hægir vélin á sér. Þegar vinstri leggur hnappagatsins er orðinn í sömu lengd og sá hægri er aftur ýtt á "afturábak" takkann (33).

Vélin saumar nú seinni heftinguna og lýkur við hnappagatið. Orðið "auto" stendur nú í glugganum.

Augahnappagat

Augahnappagöt eru saumuð með hnappagatafætinum.

Aughnappagöt er hægt að sauma alsjálfvirk, hálf sjálfvirk og handvirk.

Aðvörðun: Augahnappagöt verður ávallt að sauma þannig að augað á því snúi út að jaðri flikurinnar. Vélin byrjar hins vegar að sauma það frá heftingunni. Það er því áriðandi að merkja fyrir lengd hnappagatsins og mæla frá byrjuninni inn á við. Saumið þessi hnappagöt ávallt með því að byrja inni á efninu og sauma í áttina að jaðrinum.


Veljið saum 88. Staðlað augahnappagat birtist nú á skjánum ásamt upplýsingum um breidd, lengd og þéttleika. Þessum gildum er hægt að breyta.

Ráð: Opnið öll hnappagöt með sprettihnífnunum. Gott er að setja tituprjóna þversum innan við heftingarnar þannig að sprettihnífurinn fari ekki í þær. Hringinn í augahnappagati verður að klippa með gatatöng.




Hnappagöt með undirleggsþræði

Hnappagöt verða ávallt fallegri og sterkari ef undirleggsþráður er lagður undir þau. Notið perlugarn eða undirleggsþráð sem fæst hjá Pfaff. Smeygið þræðinum yfir hakið aftan á fætinum og leggið hann síðan undir fótinn fram á við. Festið þráðinn í klemmuna framan á fætinum og saumið hnappagatið. Nú er hægt að sauma hnappagat nr. 9.



Þegar lokið er við að sauma er togað í báða fremri endana þar til aftari lykkjan er komin inn í heftinguna. Klippið síðan afganginn burt þétt upp við heftinguna.



Augahnappagöt með undirleggsþræði

Smeygið undirleggsþræði um hakið framan á fætinum - leggið hann undir fótinn og klemmið hann í klemmurnar aftan á fætinum. Látið þráðinn liggja út við hliðar fótarins.

Saumið fyrri legginn en þegar komið er að auganu er losað um undirleggsþráðinn úr hakinu framan á fætinum með tituprjóni eða nál.




Aðvörðun: Alls ekki má lyfta saumfætinum á meðan þetta er gert.

Haldið nú aðeins í þráðinn vinstra megin og togið hann um leið aftur þannig að slaufan liggi rétt upp við nálina. Saumið nú augað varlega og eftir að því er lokið er togað aðeins fastar í þráðinn á meðan vélin lýkur við hnappagatið. Klippið þræðina þétt upp við heftingun - þá fara endarnir inn í heftinguna.



Ráðleggingar um hnappagöt:

- Í gróf og þykk efni ætti að sauma breið og ekki allt of þétt hnappagöt.
- Hnappagöt sem eru saumuð mjög nálægt styrktum jaðri gæti verið erfitt að sauma með hnappagatafætinum. Saumið þau heldur með venjulega fætinum nr. 1.
- Efni sem teygjast ætti ávallt að styrkja á röngunni með undirleggsefni og jafnvel að setja uppleysanlegu plastfílmuna frá Solvy á réttuna.
- Augahnappagöt verða sérstaklega falleg ef undirleggsþráður er notaður (sjá nánar "Augahnappagöt með undirleggsþræði").
- Skyrtuhnappagöt ætti ávallt að sauma með útsaums eða stopptvinna, því þá verða þau miklu þéttari og fallegri.
- Hnappagöt þarf ávallt að sauma aðeins lengri en þvermál viðkomandi tölu er. Við ráðleggjum að sauma alltaf prufuhnappagat á sams konar efni og með sams konar undirleggi og á að vera í viðkomandi flík.



Bútaumur

Bútaumur	78
Bútunum raðað saman	78
Bútarnir saumaðir saman	79
Saumur í saum	79
Aldmóta bútaumsspor	80
Bútaumurinn heftur saman	81
Fríhendis bútaumur	81
Bútaums applíkeringar	82

Bútasaumur

Bútasaumur er hefðbundin gömul handavinnutækni og var upprunalega til að fullnýta alla afganga af efnum. Í gegn um árin hefur þetta þróast í að verða vinsæl tómstundaiðja.

Þetta var eins og áður sagði saumað í höndunum, en í dag getum við notað saumavélina í þessa vinnu og þá er Pfaff expression saumavélin mjög heppileg til þess.

Bútasaumur samanstendur af þremur lögum, tveimur úr efnum og á milli þeirra er svo vatt.





Bútunum raðað saman

Klippið fyrst búтана sem á að nota í efsta lagið og notið sniðmát til að raða þeim saman. Gera á ráð fyrir 6 mm (1/4") saumfari og er yfirleitt búið að gera ráð fyrir því í sniðum. Smellið bútasaumsfætinum (aukahlutur) á fóthölduna. Saumið búтана síðan saman samkvæmt þeim leiðbeiningum sem fylgdu sniðinu.

Saumfarið er yfirleitt straujað út til hliðar á röngunni. Þræðið síðan efra efnið við vatteringuna og neðra efnið. Þessi efni voru síðan öll saumuð saman í höndunum með hefðbundnum litlum sporum, en í dag gengur þetta mikið fljótar fyrir sig þegar notast er við Pfaff expression vélina. Notið saum 27 (11/2036) og notið sterkan glæran tvinna (monofilament tvinna) sem yfirtvinna en venjulegan tvinna sem undirtvinna.

Þegar búið er að sauma alla búтана og vattstinga teppið, þá gangið þið frá jöðrunum annaðhvort með skábandi eða saumið þá eins og púða, hluta af flík o.þ.h.





Bútarnir saumaðir saman

Klippað búta í efsta lagið í hæfilegar stærðir samkvæmt sniðmáti sem fylgdi, eða þið hafið búið til sjálf og munið að gera ráð fyrir 6 mm (1/4") saumfari.

Expression saumavélin hentar mjög vel til að sauma búta saman. Stillið hana á beint spor (1), sporlengd 2,5, nálarstöðu 4 til hægri og setjið efri flytjarann í samband. Jaðrarnir ættu að renna meðfram hægri brún saumfótar nr. 0. Með því að færa nálina í þessa stöðu eru þið með 6 mm (1/4") saumfar.

Saumið búta samkvæmt þeim formum sem þeir eiga að vera í. Bútarnir verða svo allir saumaðir saman í eina heild sem verður þá efsta lagið á bútasaumsteppinu.

Ráð: Notið 6 mm (1/4") fótinn (820211-096) sem auðveldar bútasauminn. Stillið vélarnar 2036/2046 á nálarstöðu í miðju, á beint spor og setjið efri flytjarann í samband.



Saumur í saum

Ein aðferð við að halda efra efninu, vattinu og neðra efninu saman er að nota aðferðina saumur í saum. Saumur í saum þýðir að saumað er ofan í saumfarið á milli tveggja búta.

Stillið vélina á beint spor (1), sporlengd 2,5, nálarstöðu í miðju og setjið efri flytjarann í samband.

Byrjið á því að þræða öll efnin saman með tituprjónum og byrjið í miðjunni og þræðið út að jöðrunum. Setjið tituprjónana með ca. 15 til 20 cm. millibili.

Þegar þið byrjið að sauma í saum þá saumið þið einnig út frá miðjunni og út að jöðrunum, en á þann hátt haldast efnin nokkuð rétt saman. Ákveðið fyrirfram eftir hvaða saumum þið ætlið að sauma. Þessir saumar gera meira en að halda efnunum saman - þeir búa til mynstur á neðsta lagið. Þið þurfið ekki að fara eftir hverjum einasta saum í bútasaumnum. Saumið alla vega með 8-10 cm. millibili til að halda bútasaumnum vel saman, en að sjálfsögðu getið þið saumað þéttar ef þið viljið búa til skrautlegt mynstur á neðsta lagið.

Ráð: Notið saum 27 (11/2036) til að fá handavinnuútlit á þennan saum í saum.

Ráð: Notið bútasaums eða gallabuxnanál þegar þið eruð að sauma í gegn um þykkan bútasaum. Saumið prufusaum á afganga til að fullvissa ykkur um að sporstillingin sé rétt.

Aldamóta bútasaumsspor

Þessir aldagömlu saumar voru ávallt saumaðir í höndunum, en í dag er auðvelt að sauma þessa sauma í saumavélinni og nota þá Pfaff aldamóta bútasaumssporin.

- Notið glæran "ósýnilegan" (monofilament) tvinna sem yfirtvinna. Notið hins vegar gerfi eða baðmullartvinna í hentugum lit á spóluna.
- Stillið yfirtvinnaspennuna á 7-9.
- Þegar þið saumið síðan sauminn á þrjú lögin af efnunum þá ættu þið aðeins að sjá undirtvinnann. Saumið nú sauminn á efsta lagið. Þegar sporið er saumað, á eingöngu þrefalda sporið sem myndað er af undirtvinnanum að sjást á réttunni - millisporið hverfur og þannig fær sporið á sig handavinnuútlit. Stillið tvinnaspennurnar að vild til að ná fram þessari áferð.





Bútasaumurinn heftur saman

Einnig er hægt að nota þessa aðferð til að halda lögnum þremur saman. Þetta var einnig gert áður fyrr í höndunum, en nú getið þið notað einhvern skrautsaum til að "hefta" lögin þrjú saman.

Veljið skrautspor sem myndað er með flutningi vélarinnar áfram eins og t.d. spor 75 eða 76 (56 eða 58 á vél 2036). Undirbúið efnin eins og lýst var í kaflanum saumur í saum.

Til að sauma mynstrið aðeins einu sinni í hvert sinn, ýtið þið á "heftingar" takkann eftir að vélin fer í gang í fyrsta saumnum. Saumið þetta spor síðan með 8-10 cm millibili hér og þar á bútasaumsfletina. Ákvarðið staðsetningar af fyrirhyggju þannig að mynstrin verði falleg bæði á efsta og neðsta laginu.

Þetta er mjög einföld og falleg aðferð til að hefta bútasaums-efnin saman.



Fríhendis krákuspor (stippling)

Fríhendis krákuspor halda ekki eingöngu lögnum þremur saman heldur gera þau áferðina öðruvísi en vanalega.

Stillið expression fyrir svona fríhendis krákuspor með því að stilla á beint spor (1). Setjið stoppfótinn á vélina, takið flytjarann úr sambandi og setjið fótlyftinn í stoppstöðu.

Undirbúið bútasauminn á sama hátt og lýst var fyrir aðferðina saumur í saum.

Æfið ykkur á afgangsbútum og vatteringu. Þegar flytjarinn er tekinn úr sambandi þá eru það þið sem ákvarðið sporlengdina. Munið að sauma með jöfnum hraða og færa efnið með jöfnum hreyfingum því það ákvarðar sporlengdina.

Byrjið nálægt miðjunni. Saumið eitt spor til að ná undirtvinnanum upp á yfirborðið. Saumið síðan nokkur spor þétt upp við hvert annað til að hefta þræðina saman. Færið síðan efnið þannig að þið myndið alls konar krákuspor, sveiga og beygjur. Aðgætið að sauma ekki ofan í fyrri saum - saumið þetta allt í samfelldum hreyfingum fram og til baka.

Ráð: Notið fríhendis rammahölduna (412 53 88-01) til að auðvelda flutninginn á efnunum. Bútasaumsborð og fríhendisgripið eru aukahlutir og hannaðir til að gera saum með krákuspori auðveldari.





Bútasauris applíkeringar

Applíkeringar gefa bútasaur sérstakt útlit.

Það er hægt að sauma applíkeringar á bútasaur með mörgum aðferðum. Ein aðferðin er að sauma applíkeringarnar á bútana áður en búturnir eru saumaðir saman.

Stillið quilt expression vélina á saum 3, sporlengd 0.3, sporbreidd 4-6 mm, og notið saumfót nr. 2.

Festið applíkeringuna á bútana og setjið undirleggsefni undir efnin. Saumið eftir jaðri applíkeringarinnar með flatsaumi og gætið þess að 80% af saumnum á að saumast á applíkeringarefnið en gætið ennfremur að því að saumurinn fari ávallt út fyrir jaðar applíkeringarinnar.

Önnur aðferð við að sauma applíkeringu á bútasaur er að ganga frá jaðri applíkeringarinnar og sauma hana síðan við bútinna með applíkeringarsporinu 15 (2036) / 28 (2046).

Undirbúið fyrst applíkeringuna. Klippið hana út úr efni og klippið einnig undirleggsefni sem hægt er að strauja undir hana. Látið réttu applíkeringarinnar og grófu hlið (strauhlið) undirleggsefnisins snúa saman. Notið beint spor (1), sporlengd 2,0, nálarstöðu í miðju og saumið efnin saman með 6 mm saumfari. Klippið í kring um applíkeringuna og hafið 3 mm að saumnum og klippið alveg inn í beygjurnar. Ristið á undirleggið þannig að hægt sé að snúa efninu við þannig að réttan snúi út. Straið applíkeringuna lauslega við applíkeringarefnið.

Staðsetjið applíkeringuna á bútasaursefnið og þegar þið eruð ánægð með staðsetninguna - þá straið hana á það.

Saumið nú eftir jaðri applíkeringarinnar með beina hluta applíkeringarsporsins og látið lárétta sporið síðan grípa aðeins inn á applíkeringuna. Þetta er sporið sem kemur til með að halda applíkeringunni á sínum stað.

Ráð: Ýtið á takkann "nálin uppi / nálin niðri" og látið nálina stöðvast ofan í efninu. Á þann hátt er auðveldara að snúa á hornunum.

Hefðbundinn útsaumur

Sérstök saumataækni

Almennar ráðleggingar	84
Breyting á mynsturbreidd og lengd í samsettum bekkjum	84
Samsettir bekkir	85
Samsettir bekkir með tvíburanál	85
Fríhendis stafagerð	86
Fríhendis útsaumur	87
Mjókkun og breikkun á flatsaum	88-89
Sjálfvirk mjókkun og breikkun á flatsaum	89-90
Applíkeringar	91
Krosssaumur	92
Gatasaumur	93
Húllfaldur	94

Hefðbundinn útsaumur - sérstök saumataækni



Almennar upplýsingar um útsaum

Expression saumavélarnar bjóða upp á fjöldan allan af innbyggð-um skrautsaumum, sem hægt er að nota til að skreyta með fatnað og annað sem hægt er að sauma. Með því að blanda saman saum-um, breyta um lit á tvinna, stækka eða minnka mynstrin er hægt að breyta útliti þessara sauma á ýmsan hátt.


Ávallt ætti að leggja undirlegg eða pappír undir efnið sem verið er að sauma út á. Það kemur í veg fyrir að efnin herpist saman og gerir sauminn enn fallegri.

Um allan útsaum gilda eftirfarandi ráðleggingar;

Sporbreiddinni og sporlengdinni er hægt að breyta að eigin vild.

Þegar verið er að sauma útsaum er losað um yfirtvinnaspennuna og hún stillt á 2-3 þannig að hnýtingin á tvinnum verði á röngunni. Útsaumurinn verður mikið fallegri ef tvinnastillingin er rétt stillt.

Notið saumfót nr. 1(fyrir efri flytjara) og nr. 2 (ekki fyrir efri flytjara) en þeir henta best fyrir útsaum. Við mælum með saumfæti nr. 2 fyrir grófari efni.




Breyting á mynsturbreidd

Hægt er að breyta mynsturbreiddinni með tökkunum A (1), og einnig er hægt að breyta breiddinni á meðan saumað er.



Breyting á mynsturlengd

Hægt er að breyta mynsturlengdinni með tökkunum B (2), og einnig er hægt að breyta lengdinni á meðan saumað er.





Samsettir bekkir

Hér eru nokkur dæmi um fallega bekki sem eru settir saman úr hinum ýmsu skrautsaumum. Fyrir svona sauma ætti eingöngu að nota Rayon útsaumstvinna en hann fæst t.d. í mörgum litum hjá Pfaff umboðinu.

Setjið undirleggsefni undir efnið.

Merkið fyrir miðjunni með töfrapenna eða fatakrít, og saumið síðan eftir línunni með saum 69 (saum 50 á vél 2036); sporbreidd 6 mm. Ýtið næst á takkann "mynsturspeglun" (39). Staðsetjið efnið jafnt byrjuninni á fyrri saumnum og saumið speglaða sauminn við hliðina á honum.

Saumið síðan saum 3 með sporþéttleika 0.2 mm og síðan saum 72 (saumur 53 á vél 2036) sitt hvoru megin við fyrstu saumana. Bekkurinn ætti nú að samanstanda af sex skrautsaumum.



Tvíburanál

Með tvíburanál er hægt að sauma mjög fallega skrautsauma og myndin hér til hliðar sýnir hvernig hægt er að búa til fallega bekki með pínulitlu hugmyndaflugi !

Ath: NOTIÐ EKKI tvíburanál þegar viðvörðunarkerkið  kemur á skjáinn (sjá bls. 44).

Hefðbundinn útsaumur - sérstök saumataækni



Fríhendis stafamerkingar

Með saum 3 (sporbreidd 3-6 mm) er hægt að sauma stafi eins og hér eru sýndir.

Teiknið stafina fyrst á þann stað sem þið ætlið að setja þá.

Setjið stoppfótinn á vélina og setjið hann í stoppstöðu (sjá bls. 63).

Takið flytjarann úr sambandi.

Setjið undirleggsefni undir efnið og vatns-uppleysanlega filmu á réttuna á efninu. Spennið efnið í útsaumsramma og saumið síðan með zik zak sporunum eftir línunum. Munið að setja stoppfótinn í stoppstöðuna.

Hnýtið tvinnnaendana eða saumið nokkur bein spor til að festa þá og fjarlægið undirleggsefnið. Ef eitthvað verður eftir af filmunni á réttunni, þá hverfur hún í fyrsta þvotti.

RÁÐ: Með því að sauma frekar hratt en færa efnið frekar hægt, þá fæst þétt og fallegt spor og þið hafið um leið meira vald á að færa efnið. Ef saumað er frekar hratt þá verða sporin þéttari. Æfið þetta fyrst á efnisbútum - æfingin skapar meistarann. !



Miklu auðveldara er að sauma beina stafi eins og þessa hér til hliðar. Saumið einfaldlega eftir teiknuðum línunum með saum 3, sporbreidd 3-6 mm og sporþéttleika 0.2 - 0.3 mm.

Setjið undirleggsefni undir efnið og ef með þarf vatns-uppleysanlega filmu á réttuna.

Merkið fyrir stöfunum á efnið.

Saumið síðan eftir línunum með zik zak sporum.



Fríhendis útsaumur

Svona fallega sauma er einnig hægt að sauma fríhendis með expression saumavélunum.

Stillið vélina eins og fyrir fríhendis stafasaum.

Teiknið útlínur mynstranna á efnið þar sem þau eiga að koma.


Farið síðan eftir þeim leiðbeiningum sem voru gefnar við fríhendis útsaum á stöfum.



Útsaumur með mjókkandi og breikkandi flatsaum

Með expression vélunum er hægt að breyta breidd zik zak sporanna í 0,5 mm þrepum.


Á engilsaxneskum málum er þessi aðferð, að breikka og mjókka zik zak spor kallað TAPERING. Og með þessari aðferð er hægt að ná fram skemmtilegum áhrifum.



Handvirkt / reglulegt mynstur

- Setjið undirlegg undir efnið.
- Stillið yfirtvinnaspennuna á 3. Veljið zik zak spor með nálarstöðu hægra megin (saumur11/2046, 12/2036). Ef ýtt er á takkann fyrir "mynsturspeglun" (39) þá mun nálarstaðan breytast frá hægri (C) í vinstri stöðu (A). Zik zak spor 3 er svo notað ef sauma á mynstrið út frá nálarstöðu í miðjunni (B).
- Stillið sporlengdina á 0.2 - 0.3 mm. Byrjið að sauma.
- Með -/+ tökkunum A er breiddin á saumnum svo aukin í þrepum frá 0 í 6 mm og síðan minnkuð aftur niður á 0.

Ath: Ef þið hafið valið vinstri eða hægri nálarstöðu, þá breytist sporbreiddin aðeins í áðra áttina.



Handvirkt / óreglulegt mynstur

- Setjið undirleggsefni undir efnið.
- Stillið yfirtvinnaspennuna á 3. Veljið zik zak (saum 11/2046, 12/2036) fyrir mynstur með vinstri eða hægri nálarstöðu eða zik zak saum 3 fyrir mynstur með nálarstöðu í miðjunni.
- Stillið sporlengdina á 0.2 - 0.3 mm.
- Notið -/+ takkana A til að breikka og mjókkka zik zak sporið á meðan saumað er.

Ath: Ef þið hafið valið vinstri eða hægri nálastöðu, þá breytist saumurinn aðeins í eina átt.

Reynið að búa til blóm og laufblöð með þessari aðferð.

Stærri mynstur af þessari gerð henta t.d. ágætlega til að skreyta diskamottur, púða, svuntur og kappá.



Sjálfvirk mjókkun eða breikkun

Hægt er að nota annaðhvort saum nr. 3 eða saum nr. 11/2046, 12/2036 fyrir sjálfvirka mjókkun eða breikkun á flatsaum. Ef þið viljið t.d. sauma með rétthyrndum hornum í kring um eitthvað, þá veljið þið saum nr. 11/2046, 12/2036. Ýtið þrisvar á takkann "heftingar" (36).





Á skjáinn kemur þétt zik zak spor og við hliðina orðið "tapering" og ör sem vísar á oddinn vinstra megin. Nú er hægt að byrja að sauma og vélin byrjar á oddinum.

Þegar komið er að næsta horni er ýtt á afturábaktakann (33) á meðan saumað er. Vélin saumar þá flatsauminn í 45°vinkil.

Þegar komið er að oddinum stövast vélin og nálin stendur í efninu. Nú er hægt að snúa efninu um 90°.


Hefðbundinn útsaumur - sérstök saumataækni



Þegar vélin fer í gang aftur saumar hún sjálfkrafa 45° vinkil. Og það sem vélin framkvæmir er sýnt á skjánum.

- Ef byrja á flatsauminn þannig að á byrjuninni sé engin mjókkun, þá er eingöngu ýtt tvisvar sinnum á heftingar takkann (36) áður en byrjað er að sauma. Notið -/+ takkana A til að breyta breidd zik zak sporanna áður en byrjað er að sauma.
- Ef sauma á flatsaum án mjókkunar er ýtt fjórum sinnum á takkann "hefting" (36) áður en byrjað er að sauma.
- Til að breyta breidd flatsaumsins og byrja á breikkun, þá ýtið þið tvisvar á heftingartakkann (36), og notið -/+ takkana A til að velja þá breidd sem á að nota, og ýtið síðan einu sinni enn á heftingartakkann. Saumurinn byrjar á breikkun og síðan saumar vélin flatsauminn í þeirri breidd, sem valin var.

Nú getið þið auðveldlega saumað flatsaum sem mjókkar og breikkar sjálfvirkt.



Skraut-hnappagat

Þetta hnappagat er frábrugðið venjulegum hnappagötum.

- Veljið saum nr. 11/2046, 12/2036.
- Ýtið á heftingartakkann (36) þrisvar sinnum.
- Saumið fyrstu hlið hnappagatsins í hentugri lengd.
- Athugið að sauma 3 zik zak spor í fullri breidd í miðju heftinganna til að tryggja nægjanlegt bil á milli leggjanna.
- Eftir fyrri heftinguna er svo seinni leggurinn saumaður í sömu lengd og sá fyrri.

Ráð: Info takkinn útskýrir í stuttu máli alla saumana í mjókkandi saumum.

Ath: Á myndinni er hnappagat þar sem skipt hefur verið um tvinnalit fyrir hverja hlið fyrir sig !



Applíkeringar

Applíkeringar geta verið fallegar og líflegar skreytingar á margskonar fatnað, púða o.fl., og það er fljótlegt að sauma þær. Best er að nota applíkeringarfótinn (aukahlutur) en hann er með rauf að neðan sem hentar vel fyrir þessa vinnu. Einnig getur verið gott að nota undirlegg sem hægt er að strauja á applíkeringarpjötlu til að gera hana stöðugri og þá verður einnig auðveldara að sauma meðfram jöðrum hennar.

- Smellið applíkeringarfætinum á fóthölduna.
- Teiknið nú myndina á slétta flötinn á vlísofix efnið og munið að teikna það í spegilmynd t.d. verða bókstafir að snúa í spegilmynd.
- Strauið nú vlísofixið á röngu applíkeringarefnisins. Klippið síðan myndbútinn út og takið pappírinn af.
- Strauið myndbútinn á grunnefnið.
- Saumið síðan eftir öllum útlínunum með applíkeringar-sporinu (nr. 28/2046, 15/2036) eða með mjóu og þéttu zik zak spori, sporbreidd 2 - 4 mm, sporlengd 0.2 til 0.6 mm og aðgætið að nálin fari alltaf út fyrir brúnina á bútnum svo ekki rakni úr honum seinna meir.

Ráð: Ef einhver hluti bútsins mjókkar mjög mikið þá er einnig hægt að mjókka zik zak sporið í 0.5 mm þrepum á meðan saumað er með því að ýta á -/+ takkana A (sjá mjókkun og breikkun á bls. 88).



Krossaumur


Í gegn um aldirnar hefur krossaumur ávallt verið vinsæll og fallegur.

Það tók jafnan langan tíma að sauma þennan saum, en nú er hægt að sauma þetta á auðveldan og fljótlegan hátt með saumavélunum 2046 og 2036.

Með saumum nr. 22 (2046) eða nr. 23 (2046/2036), er hægt að hanna eigin krosssaumsmynstur. Þessi spor líta út eins og þau hafi verið handsaumuð og henta vel á dúka, handþurrkur og fatnað.

Nokkur ráð um krossaum:

- Saumið hægt.
- Notið saumfót nr. 2.
- Setjið undirlegg undir efnið.
- Þið getið saumað á hörefni eins og mikið er notað fyrir handavinnuspor. Hægt er að breyta lengd og breidd krossaumssporanna í expression vélunum allt eftir grófleika hörefnisins sem nota á.
- Notið sérstakan útsaumstvinna til að fá fallegra útlit á sauminn.




Gatasaumur

Hinn hefðbundna gatasaumur, sem var saumaður á liðnum öldum af mikilli nákvæmni í höndunum er nú hægt að sauma á auðveldari hátt með gatasaumspötunni sem fæst aukalega.

Og svona er þetta gert:

- Takið flytjarann úr sambandi.
- Setjið gatasaumspötuna á stingplötuna. Aftari tittur hennar (A) er settur niður um miðraufina á stingplötunni að aftan og síðan er plötunni þrýst niður að framan.
- Strekkið efnið vel í útsaumsramma.
- Klippið einn eða tvo þræði í efnið þar sem gatið á að koma og þrýstið efninu síðan yfir tittinn á plötunni. Efnið verður að leggjast þétt upp að tittinum allan hringinn.
- Fjarlægjið saumfótinn.
- Setjið fótlyftinn í stoppstöðu.
- Náið undirtvinnanum upp og haldið í báða tvinnændana á meðan vélin saumar fyrstu sporin.
- Færið nú efnið (rammann) fríhendis í kring um tittinn um leið og saumað er t.d. með saum nr. 3. Áriðandi er að færa efnið hægt en jafnt allan hringinn þannig að sporin verði þétt og falleg.
- Að lokum festið þið svo tvinnanna með nokkrum beinum sporum.




Hefðbundinn útsaumur - sérstök saumataækni



Húllsaumur

Húllsaumur þekkja allir, en það eru ekki allir sem vita að það er auðvelt að sauma húllsaumur með expression saumavélunum.

Vélarnar eru með sérstaka innbyggða húllsauma nr. 24, 25 og 26. Með því að breyta sporlengd og sporbreidd má ná fram mismunandi áferðum. Notið sérstaka húllsaumsnál af gerðinni "WING". (Venjulegar nálur eru aðeins notaðar fyrir mjög þunn efni - grófl. 80) Húllsaumur kemur best fram á náttúrulegum ofnum efnum eins og t.d. hörefnum, þar sem auðvelt er að draga þráð eða þræði úr efnunum. Best er að nota útsaums og stopptvinna úr baðmull í þessa sauma. Hægt er að notast við mismunandi saumataækni á húllsauma.



Hefðbundinn húllsaumur:

- Notið sauma nr. 24, 25 og 26 til að skapa fallegan húllsaumur.
- Saumið ávallt fyrst profusaumur á afgangsefni.

Húllsaumur þar sem þræðir eru dregnir úr efninu:

- Teljið fjölda þráðanna sem liggja undir saumnum til að ákvarða mynsturbreiddina og stillið breiddina á mynstrinu þannig að nálin stingi ekki í þráð sem á að fjarlægja, en stingi til hliðar. Þetta auðveldar að draga þráð eða þræði úr efninu.
- Dragið nú 1 - 3 þræði bæði hægra og vinstra megin við mynstrið úr efninu.
- Saumið síðan eftir þeim þráðum sem eftir eru. Nálin verður að stinga rétt út fyrir svæðið þar sem þræðirnir voru dregnir úr og koma niður þétt við brúnirnar.

Fylgihlutir og nálar

Saumfætur (sem fylgja vélinni)	96-97
Tafla yfir fáanlega aukahluti	98-99
Skýrtusaumsfótur / Applíkeringarfótur	100
Bísenfótur	101
Snúrufótur / Rykkingarfótur	102
Fótur fyrir prjón / Fellingarfótur	103
1/4" Bútaumsfótur	104
Fríhendis bútaumsfótur / Skábandafótur	105
Bísenfótur með stýringu fyrir útsaum	106
Fótur fyrir leður og plast	106
Gatafótur með 7/9 götum / Band og snúrufótur	107
Hringsaumapлата	108
Kögurfótur / Jaðarfótur með stýringu	109
Nálatafla	110, 111



Saumfætur (sem fylgja með vélinni)

Venjulegur fótur
einnig fyrir efri flytjara
820250-096



Útsaumsfótur
einnig fyrir efri flytjara
820253-096



Útsaumsfótur
820278-096



Blindsaums/Overlock
fótur
820256-096




Rennilásafótur
einnig fyrir efri
flytjara
820248-096




Hnappagatafótur
820295-096




Stoppfótur
820243-096



Faldfótur 3 mm
820249-096



Jaðarstýring/Bútasaumsstýring
820251-096



Mælistika fyrir hnappagöt
820294-096



Peru og stingplötuskiptir
820292-096



Auka keflispinni	93-033 063-44/000
Sprettihnífur	99-053 016-91/000
Bursti	93-847 979-91/000
Olía	93-035 910-91/000



1 Nálar	48-020 804-32/000
2 Filtskífa	93-033 064-05/000
3 Spólur	820361-096
4-6 Skífur á keflispinna	
4.	93-035 050-44/000
5.	93-036 048-44/000
6.	93-036 049-44/000

Tafla yfir sérstaka aukahluti (sem hægt er að fá hjá Pfaff umboðinu):

Lýsing	Pöntunarnúmer	Notist við
Applíkeringarfótur	820214-096	Fyrir applíkeringar
Opinn applíkeringarfótur einnig fyrir efri fl.	820215-096	Er opinn að framan
Skábandafótur	820245-096	Til að brydda jaðra með skáböndum
Bísenfótur með 5 raufum (fyrir tvíburanál með nálar millibili 2.0 - 2.5)	820226-096	Til að sauma bísenlek hlið við hlið á þunn til meðalþykk efni (tvíburanál nr. 80)
Bísenfótur með 7 raufum (Fyrir tvíburanál með nálar millibili 1.6 - 2.0)	820227-096	Til að sauma bísenlek hlið við hlið á þunn efni
Bísentunga	820223-096	Ýtir undir efnið þegar ekki er notuð snúra undir
Kögurfótur - einnig fyrir efri flytjara	820232-096	Til að sauma kögur/lykkjur
Fótur fyrir beinan saum eingöngu. er með kringlóttu gati - einnig fyrir efri flytjara	820235-096	AÐVÖRUN! Aðeins má nota hann á beint spor með sporlegu í miðju.
Stingplata fyrir beinan saum	820276-096	Fyrir stungusauma, bútasauum og til að sauma mjög fín og gljúp efni (silki, jersey o.s.frv.) AÐVÖRUN! Aðeins má nota hana fyrir beint spor með sporlegu í miðju.
Skyrtusaumsfótur 4.5 mm	820218-096	Fyrir skyrtusauma á þunn og meðalþykk efni.
Skyrtusaumsfótur 6.5 mm	820219-096	Fyrir skyrtusauma á þunn og meðalþykk efni.
Rykkingarfótur (úr plasti)	820231-096	Fyrir rykkingar á mjög þunn efni
Rykkingarfótur (úr málmi)	820233-096	Fyrir rykkingar á þunn og meðalþunn efni.
Fellingarfótur	820255-096	Til að rykkja og fella efni með ákveðnu sporamillibili. AÐVÖRUN! Aðeins má nota hann á beint spor með sporlegu í miðju.
Snúrufótur með 3 raufum	820234-096	Til að sauma yfir snúrur
Gatasaumsplata 4 mm	820273-096	Fyrir gatasaum
Gatasaumsplata 6 mm	820274-096	Fyrir gatasaum
Gatasaumsplata 8 mm	820293-096	Fyrir gatasaum
Rúllufaldfótur 2 mm	820220-096	Fyrir mjóa og fína rúllufalda
Rúllufaldfótur 4 mm, einnig fyrir efri flytjara	820221-096	Fyrir fína falda á jaðra
Rúllufaldfótur 3 mm	820249-096	Fyrir mjóa og fína rúllufalda
Fótur fyrir þrónajaðra/ miðseymi	820216-096	Fyrir þrónuð efni
Fótur fyrir gerfiefni og leður, einnig fyrir efri flytjara	820240-096	Fyrir sauma á gerfiefni og leður
Útsaumsfótur fyrir gerfiefni og leður	820239-096	Fyrir útsauma á gerfiefni og leður
Útsaumsfótur fyrir stærri sauma á leður	820277-096	Fyrir stærri mynstur á leður
Stýring fyrir hringsauma	820246-096	Fyrir útsaum í hring

Lýsing	Pöntunarnúmer.	Notist við
Milliplata fyrir jaðra, 3 mm og 5 mm	820228-096	Til að sauma tvo jaðra saman en hafa millibil á milli þeirra. t.d. með húllsaumseftirlíkingu.
1 / 4" Bútaumsfótur	820212-096	Fyrir bútaum
1 / 4" Bútaumsfótur fyrir efri flytjara	820211-096	Fyrir bútaum
Bísenfótur með stýringu fyrir útsauma 6 mm	820224-096	Fyrir útsauma á milli bísenleka
Snúru og bandfótur fyrir efri flytjara	820230-096	Til að sauma yfir snúrur og bönd
Gatasaumsfótur með 7/9 götum - einnig fyrir efri flytjara	820222-096	Til að sauma skrautsauma yfir snúrur og bönd.
Jaðarfótur með stýringu - einnig fyrir efri flytjara	820217-096	Til að stinga mjóar brúnir og sauma saman tvö efni jaðar við jaðar eða blúndu við fastan jaðar. Einnig mjög góður fyrir stungur í samskeyti í bútaum.
Fríhendis bútaumsfótur	820242-096	Fyrir fríhendis bútaum og útsaum
Fingurvörn	820236-096	Fyrir alla sauma
Fingurvörn fyrir bútaum	820279-096	Fyrir bútaum
Rúllufótur	820472-096	Fyrir sauma á leður og flauel
Töluáfestifótur	820473-096	Til að festa tölur á flíkur
Fótur fyrir "ósýnilega" rennilása	820474-096	Fyrir rennilásasaum
"Creative" útsaumsfótur	820280-096	Fyrir útsaum

Á næstu blaðsíðum lýsum við notkun nokkurra þessa fóta.



Skyrtusaumsfótur

Skyrtusaumur er mjög sterkur saumur og lítur út eins og saumur á gallabuxum. Þessi saumur getur líka litið mjög vel út ef hann er saumaður með öðru vísi lituðum tvinna. Skyrtusaumsfætur eru til í tveimur breiddum (fyrir þunn og þykkari efni eða 4,5 og 6,0 mm.)

- Setjið skyrtusaumsfótinn á fóthölduna.
- Leggið efnin saman röngu á móti röngu.
- Látið neðri jaðarinn standa fram undan, sem nemur rauf fótarsins.
- Setjið neðri jaðarinn þannig í fótinn að hann brotni yfir jaðar efra efnisins og saumið hann. Efnið verður allt að vera undir fætinum.
- Saumið með beinu spori.
- Leggið síðan efnin þannig undir fótinn að kamburinn stýrist í fótinn og leggist niður. Saumið síðan eftir brúninni og togið efnin lauslega í sundur um leið og þið saumið.

Saumur: 1

Sporlengd: 3

Tvinnaspenna 4-5



Applíkeringarfótur

Það er fljótlegt að sauma applíkeringar og þær geta verið mjög skemmtilegar og fallegar. Með mismunandi efnum og litum er alltaf hægt að ná fram nýjum og nýjum áferðum. Best er að nota applíkeringarfót, því hann er með rauf að neðan.

- Setjið applíkeringarfótinn á fóthölduna.
- Teiknið mynstrið á röngu efnisins og athugið að ef verið er með bókstafi þá verða þeir að snúa öfugt. Einnig er hægt að teikna þetta á vlísofix sem straujað er svo á applíkeringarefnið.
- Strauið vlísofix efnið á réttu efnisins og best er að eins liggja í applíkeringarefninu og efninu sem saumað er á. Klippið applíkeringuna út eins og hún á að vera og fjarlægið pappírinn af applíkeringunni.
- Staðsetjið og pressið applíkeringuna á grunnefnið.
- Setjið undirleggsefni undir allan vinnuflötinn.
- Saumið nú eftir brúnunum með mjóum en þéttum zik zak sporum. Best er að ýta á takkann nálin niður því þá er auðveldara að sauma krappar beygjur. Athugið að nálin verður ávallt að stinga út fyrir applíkeringarefnið í öðru sporinu til að hylja brúnina vel.

Saumur: 3

Sporlengd: 0.35

Sporbreidd: 1.5-4.0

Tvinnaspenna: 2 - 3



Bísenfótur


Þessa sígildu sauma er mjög gott að nota á t.d. þunn baðmullar og ullarefni og einnig á þunnt léreft.

- Setjið bísenfót á fóthölduna.
- Setjið tvíburanál 130/705 H-ZWI með nálar millibili 1,6 eða 2,0 mm, og grófleika 80 í nálarhölduna.
- Þræðið síðan tvo þræði í vélina (sjá bls. 31).
- Stillið undirtvinnaspennuna aðeins stífari með því að herða ríffluðu skrúfunu á spóluhúsinu, því með því herðast lekin betur saman og verða fallegra. Merkið fyrir fyrsta lekinu með penna sem merkingin leysist upp á eftir.
- Saumið fyrsta lekið. Þegar næsta lek er saumað er það fyrsta látið renna í einhverri næstu rauf fótans til að fá rétt millibil á milli lekanna.

Saumur: 1

Sporlengd: 2.5

Tvinnaspenna: 5



Ráð: Ef þið viljið vera viss um að fá góð bísenlek, þá er hægt að festa svokallaða bísentungu í raufina framan á stingplötunni. Þessi tunga ýtir aðeins undir efnið og tryggir að lekið myndast betur.

Fyrir þunn efni er best að nota bísenfót með 7 raufum og litla bísentungu, en fyrir grófari efni er betra að nota fót með 5 raufum og grófari bísentungu.

Einnig er gott að sauma þráð inn í lekið til að gera það sterkara og áferðarfallegra. Snúran er þá þrædd í gegnum raufina fyrir framan stingplötuna og síðan upp um kringlóttu gatið fyrir framan nálarraufina á plötunni. Keflið með þræðinum getur legið fyrir framan vélina eða undir arminum.

Ef þráður er notaður er bísentunga að sjálfsögðu ekki notuð um leið.

- Fjarlægið stingplötuna.
- Þræðið þráðinn neðan frá í gegn um kringlóttu gatið á stingplötunni.
- Setjið stingplötuna aftur á vélina og látið þráðinn liggja út um raufina sem er undir stingplötunni framanverðri.
- Togið lauslega í efnið um leið og saumað er, því þráðurinn heldur aðeins á móti flutningi vélarinnar.



Snúrufótur

Snúrusaumur er aðferð, þar sem saumað er yfir perlugarn eða álíka garn til að fá fallega og sterka leggingu. Það getur líka verið mjög fallegt að nota þessa aðferð við applíkeringar, en við það verða brúnirnar fallegri.

- Setjið snúrufótinn á fóthölduna.
- Leggið garnið eða snúruna undir raufar fótans.
- Saumið nú með mjóum zik zak sporum og þétu spori yfir garnið.

Ráð: Einnig er hægt að ná fram fallegri áferð með því að sauma yfir garnið með öðru vísi lituðum tvinna og hafa sporlengdina þá aðeins lengri.

Saumur 11/2046 12/2036

Sporlengd: 0.4 - 0.6

Sporbreidd: 1.5 - 2

Tvinnaspenna: 3



Rykkingarfótur

Auðvelt er að ná fram fallegri rykkingu t.d. á barnafatnað, gardínur o.fl. með rykkingarfætinum.

- Festið fótinn þannig á fóthölduna að aftari titturinn leggist í raufina aftan á höldunni, en fremri titturinn smelli neðan frá í fóthölduna að framanverðu.
- Setjið nú efnið sem á að rykjast undir fótinn, en efnið sem á að vera slétt er þrætt í rauf fótans. Efnin eiga að snúa rétta á móti réttu.
- Haldið aðeins í efra efnið um leið og saumað er. Þeim mun fastar sem haldið er í efra efnið, þeim mun meiri verður rykkingin á neðra efninu.
- Athugið að jaðrar efnanna renni jafnt undan fætinum.
- Þegar fóturinn er tekinn af fóthöldunni, þá þrýstið fætinum niður á við að framan og smeygið honum síðan aftur af höldunni.

Ráð: Með stífari yfirtvinnaspennu og löngu spori fæst meiri rykking en ella.

Saumur: 1

Sporlengd: 3

Tvinnaspenna: 3-5



Fótur fyrir prjónuð efni

Þessi fótur hentar vel fyrir prjónuð efni og einnig fyrir eftirlíkingar af pelsum. Sólinn á honum er íhvolfur og er því auðveldara að sauma saman prjónaðar vörur. Ef um lausprjónuð efni er að ræða er gott að láta teygjutvinna eða ullargarn renna með inn í sauminn um leið og saumað er, því þá heldur saumurinn sér betur.

Saumur: 16/2046 18/2036

Sporlengd: 3.0

Sporbreidd: 6.0

Tvinnaspenna: 3-5



Fellingar og rykkingarfótur

Með fellingarfætinum er ekki einungis hægt að rykkja efni, heldur er einnig hægt að sauma smáfellingar í það. Fótur þessi er tilvalinn fyrir fellingar, leggingar, gardínur o.fl.

Hægt er að velja um þrjár aðferðir;

1. Sauma fellingar í einfalt efni.
2. Sauma fellingar í einfalt efni og sauma það við annað efni.
3. Sauma fellingar í efni, sauma það við annað efni og sauma blúndu við um leið.

Sérstakur leiðarvísir fylgir með þessum fæti.

Saumur: 1

Sporlengd: 3

Tvinnaspenna: 3-5



1/4" Bútasauksfótur

Bútasauur samanstendur alltaf af þremur lögum; margir síbreytilegir hlutir eru saumaðir saman og unnið er eftir formum sem minna á rúmfræði. Þessir bútar eru heftir við vattefni og síðan saumaðir við heilt efni sem er neðsta lagið.

1/4 tommu bútasauksfóturinn auðveldar mjög þessa vinnu því fjarlægðin frá nálargatinu að ytri brún fótarins er 1/4" (6.3 mm) en að innri brún fótarins er fjarlægðin 1/8" (3,15 mm).

- Setjið fótinn á fóthölduna.
- Setjið efri flytjarann í samband.
- Saumið búтана síðan saman með beinum saum nr. 1. Þegar bæta á við 1/4" við sauminn er efnið fært út að ytri brún fótarins, en að innri brún fótarins þegar bæta á 1/8" við sauminn.

Saumur: 1

Sporlengd: 2.5

Tvinnaspenna: 3 - 5

Upprunalega aðferðin við bútasauk var að hefta þrjú lög af efnum saman með litlum saumsporum - en það er að sjálfsögðu auðveldara að nota vélina til að gera þetta (saumur 27/2046 eða saumur 11/2036).

- Notið helst glæran yfirtvinna (monofilament) en á spóluna er settur litartónn við efnið sem verið er að sauma.
- Stillið yfirtvinnaspennuna á 7-9. og losið um undirtvinnaspennuna. Gott er jafnvel að eiga annað spóluhús fyrir þessa vinnu.
- Þegar efnin þrjú eru nú saumuð saman þá sést aðeins þrefalda sporið með undirtvinnanum, því yfirtvinninn togar hann upp og hverfur. Með þessu er hægt að fá svipaða áferð og um handsauk væri að ræða.

Saumur: 27/2046 11/2036

Sporlengd: 3 - 4

Tvinnaspenna: 9



Fríhendis bútasaumsfótur

Fríhendis bútasaumsfóturinn hentar mjög vel fyrir fríhendis bútasau (free motion quilting). Efnunum þremur er stýrt fríhendis undir fætinum. Þeim mun hraðar sem saumað er, þeim mun auðveldara er að stýra efninu og þeim mun jafnari verður saumarnir. Þessi aðferð þarfnast æfinga áður en lengra er haldið.

Fríhendis sauminn er hægt að hafa hvort sem er í bogum og bylgjum eða þá einfaldlega í beinum línunum. Ef sauma á beinar línur þá er t.d. hægt að hafa nálarstöðuna í miðju og miða síðan við rauðu línurnar sem eru með 1/4" eða 6,3 mm millibili..

- Losið fóthölduna af vélinni með því að losa riffluðu skrúfunu.
- Þrýstið fríhendis fætinum saman með þumalfingri og vísifingri.
- Setjið tittinn á fætinum eins langt og hann kemst í gatið á fóthöldunni og athugið að hökin á fætinum falli þétt utan um fótstöngina. Langi plastarmurinn á fætinum á svo að leggjast ofan á nálarskrúfunu.
- Herðið á riffluðu skrúfunni.
- Lækkið fótinn og setjið hann í stoppstöðu (sjá bls. 63) og takið flytjarann áður sambandi (sjá bls. 34).

Ráð: Með þessum fæti er einnig hægt að merkja t.d. staði fríhendis.

Saumur: 1

Sporlengd: 2.5

Tvinnaspenna: 3-5



Skábandafótur

Brydding með skáböndum er mjög auðveld aðferð til að ganga fallega og tryggilega frá jöðrum, og þessi frágangur lítur mjög vel út. Það þarf að nota skáband, sem er óbrotið 1" (25 mm) á beidd.

- Fjarlægið fóthölduna og setjið skábandafótinn á fótstöngina í staðinn.
- Klippið skáa á enda skábandsins.
- Þræðið nú bandið inn í trekt fótarsins og togið það aftur undan fætinum.
- Stillið fótinn nú þannig til hliðar að nálin stingi ca. 1-1,5 mm. frá innri brún skábandsins. Einnig er hægt að gera þetta með því að breyta sporlegunni á nálinni.
- Saumið nú nokkra cm. á skábandið áður en efnið sem á að brydda er sett inn í það. Nú þarf eingöngu að stýra efninu inn í fótinn því hann sér alveg um að brjóta skábandið um jaðarinn.

Ráð: Einnig er hægt að ná fram fallegri áferð með því að nota zik zak spor eða jafnvel skrautsauma þegar skábönd eru saumuð við jaðra.

Saumur: að eigin vali

Tvinnaspenna: 3-5



Bísenlek og útsaumsfótur

Með þessum fæti er hægt að sauma bísenlek með 5 til 11 mm. millibili, og síðan er hægt að nota sama fótinn til að sauma allt að 6mm mynstur á milli bísenlekanna.

- Setjið fótinn á fóthölduna.
- Setjið tvíburanál með 2.0 eða 2.5 mm nálar millibili í nálhölduna.
- Þræðið síðan báða yfirtvinnana (sjá bls. 31) og herðið aðeins á yfirtvinnaspennunni (4 - 5) og saumið eitt bísenlek með eða án undirleggspíðar (sjá einnig bls. 83)
- Þegar seinna lekið er saumað er það fyrri látið renna í raufinni sem er yst á fætinum. Á þennan hátt er hægt að fá rétta breidd á milli lekanna til að getað saumað mynstur á milli þeirra.
- Saumið öll þau lek sem sauma á.
- Setjið nú venjulega nál í nálarhölduna.
- Stillið yfirtvinnaspennuna á 3.
- Setjið undirleggsefni undir efnið.
- Saumið nú skrautsaum að eigin vali á milli lekanna og látið lekin renna í raufunum sem eru sitt hvoru megin á fætinum.

Saumur: 1

Sporlengd: 2.5

Tvinnaspenna: 3-5



Húðaður útsaumsfótur (fyrir leður)

Húðin úr gerfiefninu sem er undir saumfætinum aðveldar að sauma allt að 6 mm. breiða útsauma og venjulega sauma á leður en yfirleitt vill leður loða við málmfætur.

Ef um þunnt leður er að ræða er betra að strauja vlís eða alla vega að leggja undirleggsefni undir vinnuflötinn áður en saumað er.

Ef um þykkt leður er að ræða mælum við með leðurnál með löngu auga (tegund 130 N), en ef um fínt leður er að ræða er betra að nota fína útsaumsnál.

- Setjið fótinn á fóthölduna.
- Saumið út á leðrið.
- Fjarlægið afganginn af vlísefninu.

AÐVÖRUN! Að nálar gata leður, og því verður að gæta þess að stilla sporlengdina ekki of þetta þannig að viðkomandi staður losni ekki frá efninu. Athugið einnig að fôr eftir nálar sjást ávallt í leðri.

Saumur: að eigin vali



7/9 gata snúrufótur

Á auðveldan hátt er hægt að ná fram mjög skemmtilegum áferðum með þessum fæti. Hægt er að þræða allt að 9 mjóar snúrur eða gróft perlugarn í gegn um fótinn og sauma yfir þær með skrautsaumum.

- Klippið garnið í heppilegar lengdir og þræðið það síðan ofan frá niður í gegn um götin á fætinum. Togið garnið aftur undan fætinum og látið það ná ca. 4-5 cm. aftur undan honum.
- Setjið fótinn á fóthölduna.
- Saumið síðan yfir garnið með skrautsaum að eigin vild.

Ráð: Hnýtið þræðina saman þannig að þeir renni ekki undan fætinum.

Saumur: að eigin vali

Tvinnaspenna: 3



Snúru og bandfótur

Þessi fótur hentar mjög vel til að sauma yfir fyrirferðameiri snúrur og bönd (t.d. lausspunna ullarþræði).

- Þræðið garnið í gegn um vírlykkjuna framan á fætinum og síðan niður í gegn um raufina á fætinum og aftur undan honum.
- Smellið fætinum á fóthölduna.
- Saumið síðan yfir með saum að eigin vali.

Saumur: að eigin vali

Tvinnaspenna: 3




Hringsaumsplata

Með þessari plötu er auðvelt að sauma mynstur eða sauma í hringi. Vélin flytur efnið sjálfkrafa í hring og auðvelt er að skreyta flíkur og jafnvel búa til litlar dúllur.

Mælistikunni er skipt upp í 1 cm. bil.

- Merkið fyrir miðjupunktinum með töfrapenna.
- Setjið plötuna vinstra megin frá inn í gatið á fóthöldunni, og þar er hægt að ákvarða hvað raddiusinn á að vera stór. Heildarbreiddin á hringnum verður svo helmingi breiðari en fjarlægðin frá nálinni að gúmmístýringunni.
- Festið plötuna síðan með skrúfunni í fóthöldunni.
- Leggið undirlegg undir efnið.
- Leggið efnið síðan undir plötuna þannig að miðjupunkturinn sé undir gúmmístýringunni fremst á plötunni.
- Saumið nú mynstur að eigin vali.
- Losið um festiskrúfuna og breytið raddiusnum og saumið fleiri sauma.

Saumur: að eigin vali



Fótur fyrir töluáfestingar

Með innbyggða saumnum til að festa tveggja og fjögurra gata tölur og þessum fæti verður sú vinna mjög auðveld.

- Merkið fyrir staðnum þar sem talan á að koma.
- Smellið fætinum á fóthölduna.
- Setjið töluna nú í svörtu klemmuna undir fætinum og gætið þess að götin tvö séu staðsett í úrtakinu á fætinum.
- Setjið efnið undir fótinn og lækkið fótinn ofan á efnið. Kveikið á vélinni og veljið saum nr. 0.
- Snúið handhjólinu og fullvissið ykkur um að nálin stingi niður í gegn um bæði götin á tölunni.
- Stígið nú á fótstóðuna. Vélin saumar töluna og heftir fyrir endann á eftir alveg sjálfkrafa. Ef um fjögurra gata tölu er að ræða þá færið þið hana til þannig að nálin stingi næst í auðu götin.

Saumur No: 0

Sporlengd: fyrirfram ákveðin

Sporbreidd: fyrirfram ákveðin

Tölur með fæti

Ef þið viljið hafa fót undir tölunum ýtið þá plaststykkinu á saumfætinum fram á við þannig að það verði á milli gatanna í tölunni. Þegar búið er að sauma töluna er plaststykkinu ýtt aftur til baka, talan fjarlægð og tvinnarnir klipptir frá en hafðir dálitlir endar. Nú eru báðir endar þræddir þannig að þeir verði milli tölunnar og efnisins þeir vafðir sitt í hvora áttina og síðan hnýttir saman. Þá er kominn fótur undir töluna.



Kögurfótur

Með þessum sérstaka fæti er hægt að sauma kögur og lykkjur og ná með þeim skemmtilegum áhrifum. Sérstaklega getur þetta hentað vel á frotté efni.

- Teiknið með töfrapenna mynd eða ákveðið mynsturferli.
- Setjið undirlegg undir efnið.
- Setjið kögurfótinn á fóthölduna.
- Stillið yfirtvinnaspennuna á ca. 2 - 3.
- Saumið nú mynstrið röð eftir röð. Ef verið er að sauma mynstur sem er í hring, þá verður að byrja utan frá og sauma inn á við.
- Ef notaður er grófur tvinni, verður að velja aðeins lengri sporlengd. Saumið ávallt prufusaum á afgangsefni.
- Þegar lokið er við að sauma verður að toga varlega undan fætinum, því annars er hætt á að síðustu lykkjurnar dragist saman.
- Hnýtið endana svo saman á röngunni.

Saumur: 3

Sporlengd: 0.5 - 1

Sporbreidd: 1.5 - 2.5

Tvinnaspenna: 2 - 3



Jaðarfótur með stýringu

Þessi fótur hentar einstaklega vel til að sauma saman tvö efni jaðar við jaðar eða t.d. blúndu við fastan jaðar. Stýringin í miðjum fætinum heldur efnunum frá hvort öðru, en samt þétt upp að hvoru öðru. Stýringin í miðjum fætinum hentar einnig vel fyrir bútasaum, þegar saumað er eftir samskeytum efnanna ofan í sauminn sem efnin voru saumuð saman með, þ.e.a.s. saumur í saum.

Stungusaumar þétt við jaðar

Mjög gott er að nota þennan fót til að sauma saman stungusauma alveg út við jaðar. Setjið efnið undir fótinn og stillið nálarstöðuna.

Saumur: 1

Sporlengd: 2.5

Tvinnaspenna: 3-5

Blúnda saumuð við jaðar

Setjið brotinn jaðar efnisins sem blúndan á að saumast við vinstra megin upp að stýringunni en blúnduna hægra megin. Hvoru tveggja snýr með réttuna upp og nú er auðvelt að stýra efnunum þannig að þau liggi þétt upp að hvoru öðru án þess að fara á misvíxl. Veljið zik zak saum nr. 3 og saumið þannig að zik zak sporið stingi sitt á hvað í efnið og blúnduna. Stillið sporlengdina að eigin vild.

Saumur: 3

Sporlengd: 1 - 3.0

Sporbreidd: 1.5 - 3.5





Tvinnaspenna: 3-5

Nálatafla

Veljið ávallt rétta nál fyrir hvern saum - þá verður útlit hans fallegra

punn efni nálar 60 70 75	Meðalþykk efni nálar 80 90	þykk efni nálar 100 110 120
---	---	--

Nálaroddar

Nálartegund.	Útlit	Oddur og auga	Hentug fyrir
130/705 H Grófl: 60-130		Lítill kúluoddur	Alhliða nál fyrir fínofin gerfiefni, þunnt léreft chiffon, batist, organdy, ullarefni, flauel, skrautsauma og útsauma.
130/705 H-SUK Grófl: 70-100		Meðal- kúluoddur	Gróf þrjónuð efni, jersey efni, latex, þunn nærfataefni, simplex og álíka efni.
130/705 H-PS Grófl: 75-100		Meðal kúluoddur	Sérhönnuð nál fyrir Pfaff og hentar sérstaklega vel fyrir viðkvæm teygjanleg "stretch" og þrjónaefni
130/705 H-SKF Grófl: 90-110		Stór kúluoddur	Fyrir grófar lífstykkjavörur, lycra, simplex, latex o.fl.
130/705 H-J Grófl: 90-110		Oddhvass kringlóttur oddur	Fyrir twill, grófan vinnufatnað, gróft léreft, gallabuxur og finni segldúk.
130/705 H-LR Grófl: 80-100		Skurðaroddur sker hægra megin	Leður alls konar.
130/705 H-PCL Grófl: 80-110		Skurðaroddur með rauf í oddinum vinstra megin	Gerfileður, plastefni, vaxdúkur
130 H-N Grófl: 70-110		Lítill kúluoddur langt auga	Fyrir stungusauma með hnappagatasilki eða gerftvinna í grófleika 30/3.
130/705 H-WING Grófl: 100/120		Húllsaumsoddur	Fallegir húllsaumar á efni með mikilli steiningu organdy, glerbatist o.þ.h.
130/705 H-M Grófl: 60-80		Oddhvass kringlóttur oddur	Fyrir sauma á "micro" efni
130/705 H-Q Grófl: 80/90		Lítill kúluoddur	Sérstaklega hönnuð fyrir bútasaum
130/705 H-E Grófl: 75-90		Meðal kúluoddur	Sérstaklega hönnuð fyrir útsauma

Nálatafla

	Nálartegund	Spor- lengd	Spor- breidd	Millibil milli nála	Hentug fyrir
	130 / 705 H-ZWI	2.5 mm	–	1.6 mm	venjuleg bíslenlek
	Grófl: 80	2.5 mm	–	2.0 mm	venjuleg bíslenlek
	130 / 705 H-ZWI				
	Grófl: 80	2.5 mm	–	2.5 mm	breið bíslenlek
	Grófl: 90	2.5 mm	–	3.0 mm	óvenjulega breið bíslenlek og falda á undirfatnað
	Grófl: 100	3.0 mm	–	4.0 mm	

Skrautsaumar með tvíburanálum

Áður en skrautsaumurinn er saumaður er handhjólinu snúið til að athuga hvort nálarnar rekist í fótinn eða stingplötuna. Með því er að mestu komið í veg fyrir að nálarnar brotni.

	Skrautsaumar / zik zak mynstur				
	130 / 705 H-ZWI				
	Grófl: 80	0.5-1.5 mm	breið	1.6 mm	skrautsaumar
	Grófl: 80	0.5-1.5 mm	mjó	2.0 mm	skrautsaumar
	Grófl: 80	0.5-1.5 mm	mjó	2.5 mm	skrautsaumar

	Húllsaumur / sérstök tvíbura-húllsaumsnál				
	130 / 705 H-ZWI-HO				
	Grófl: 80	2.3-3.0 mm	mjög mjó	–	Falleg húllsaums eftirlíking.
	Grófl: 100	2.0-3.0 mm	mjög mjó		Efni með mikilli steiningu henta mjög vel

Þríburanálur

Áður en skrautsaumurinn er saumaður er handhjólinu snúið til að athuga hvort nálarnar rekist í fótinn eða stingplötuna. Með því er að mestu komið í veg fyrir að nálarnar brotni.


					
	130 / 705 H				
	Grófl: 80	0.5-1.5 mm	mjög mjó	2.5 mm	skrautsaumar
	Grófl: 80	0.5-1.5 mm	mjög mjó	3.0 mm	skrautsaumar





Umhirða og truflanir

Skipt um stingplötu	114
Hreinsun og smurning	114
Skipt um peru	115
Truflanir og ráð við þeim	116, 117





Skift um stingplötu



Slökkvið á vélinni.

Stingplatan tekin af

- Lyftið fætinum. Setjið mjóa endann á peruskiptinum undir stingplötuna eins og sýnt er á myndinni hér til hliðar, og þrýstið stingplötunni upp fyrst hægra megin og síðan vinstra megin.

Stingplatan sett á

- Setjið stingplötuna jafnt aftari brúninni á opinu og þrýstið henni síðan niður að framan þar til smá smellur heyrir. Aðgætið áður en byrjað er að sauma að nálin fari örugglega niður um gatið á stingplötunni.

Ráð: Það er auðveldara að skipta um stingplötuna ef flytjarinn er tekinn úr sambandi.



Hreinsun og smurning



Slökkvið á aðalrofanum.

- Fjarlægið stingplötuna og takið flytjarann úr sambandi. Hreinsið í kring um gríparasvæðið og flytjarann með burstu.
- Setjið aðeins einn dropa af olíu í gríparann eins og sýnt er hér til hliðar. Að öðru leyti þarf ekki að þrifa eða smyrja vélina.
- Hreinsið vélina í það minnsta eftir hverja 10-15 tíma notkun.

Hreinsun á skjá

Hreinsið skjáinn aðeins með mjúkum og hreinum klút. ALLS EKKI má nota nein hreinsiefni eða vökva !



Skipt um peru



Slökkvið á vélinni

- Takið vélina úr sambandi og takið snúruna frá fót-mót-stöðunni einnig úr vélinni.
- Takið vinnuborðið af vélinni. Peran er staðsett fremst í vélinni nálægt þræðaranum fyrir nálina.



Peran fjarlægð

Þrýstið peruskiptinum upp á peruna eins og myndin sýnir og ýtið henni eins hátt og hægt er. Snúið perunni síðan rangsælis og fjarlægið peruna úr vélinni.

Ný pera sett í

Setjið peruskiptinn utan um peruna. Þrýstið henni síðan inn í skáhallandi perustæðið þannig að hökin á perunni falli í raufarnar á perustæðinu.

Þrýstið á peruna og snúið henni réttsælis þar til hún situr rétt.

Áríðandi: Aldrei má vera sterkari pera í vélinni en 5 wött.

Hægt er að fá perur hjá PFAFF umboðinu. (nr. 92-329-975-05)

Gangtruflanir og ráð við þeim

Truflun og orsök;	Ráð;
Vélin hleypur yfir Nálin er ekki rétt sett í vélina. Röng nál er í vélinni. Nálin er bogin eða oddlaus. Vélin er ekki rétt þrædd. Nálin er of fín fyrir tvinnann.	Setjið nálina eins hátt og hún kemst. Notið nálar teg. 130/705 H. Setjið nýja nál í hölduna. Yfirfarið þræðingarnar. Notið grófari nál.
Yfirtvinninn slitnar Sjá hér að ofan. Tvinnaspennan or of stíf. Slæmur eða hnökraður tvinni og jafnvel orðinn þurr af of langri geymslu. Tvinninn er of grófur.	Sjá að ofan. Stillið tvinnaspennuna. Notið aðeins gæðatvinna. Notið nál með stærra auga (t.d. tegund 130 N).
Nálin brotnar Nálin er ekki fest nógu hátt uppi. Nálin er bogin. Nálin er of gróf eða of fín Nálin er bogin og hefur rekist í stingplötuna vegna þess að þið togið í efnið. Spóluhúsið er ekki rétt sett í gríparann.	Skiptið um nál og setjið hana eins hátt og hún kemst. Notið aðra gerð af nál. Sjá nálatöflu (Bls. 110, 111). Stýrið efninu eingöngu - togið ekki í það. Þegar þið setjið spóluhúsið í gríparann, þá togið aðeins í undirtvinnann til að fullvissa ykkur um að spóluhúsið sitji rétt.
Saumurinn er ójafn Tvinnaspennan er vanstillt. Tvinninn of grófur, hnökraður eða harður. Ójafnt spólað á spóluna. Lykkjur koma á tvinnann.	Athugið yfirtvinnaspennuna. Notið aðeins gæðatvinna. Spólið aldrei fríhendis - alltaf í gegn um spólaraspennuna. Yfirfarið þræðingu fyrir spólarann. Þræðið rétt - hafið saumfótinn í efstu stöðu þannig að tvinninn fari örugglega á milli spennuskífanna í yfirtvinnaspennunni.

Truflun og orsök;	Ráð;
Vélin flytur illa eða óreglulega Óhreinindi föst á milli flytjaratannanna Flytjarinn er niðri. Loka A er vinstra megin eða loka B er hægra megin (sjá bls. 34) Stingplatan situr ekki rétt á vélararminum.	Fjarlægjið stingplötuna og hreinsið með bursta. Rennið loku A til hægri eða loku B til vinstri. Þrýstið ofan á stingplötuna þar til þið heyrið að hún smellur á sinn stað.
Vélin gengur erfiðlega Tvinnnaendar hafa festst í gríparanum.	Losið tvinnann og setjið dropa af olíu í gríparann.
Vélin saumar ekki valinn saum Slökkvið á vélinni - bíðið í ca. 10 sek. og kveikið aftur á henni. Veljið sama saum aftur. Þegar skipt er um saumfætur og nálar ætti ávallt að slökkva á vélinni. Slökkvið ávallt á aðalrofanum þegar þið yfirgefið vélina. Þetta er sérstaklega áriðandi ef börn eru nálægt. Saumið aldrei ef ekkert efni er undir saumfætinum.	
Skjárinn Upplýsingar á skjá geta dottið út vegna áhrifa frá stöðu- rafmagni.	Þegar búið er að sauma viðkomandi saum er slökkt á vélinni og kveikt á henni aftur eftir ca. 10 sek. Þá ættu allar upplýsingar að vera á skjánum. Veljið aftur viðkomandi saum
Birtustillingin á skjánum gæti hafa verið snert þegar verið var að þrifa hana	Stillið birtuna með birtustillinum.

Notið aðeins "original" PFAFF hluti

Ábyrgðin á vélinni fellur niður ef aðrir en "original" Pfaff vara og fylgihlutir eru notaðir í eða með vélinni.



Tæknilegar upplýsingar

Mál (b x h x d)	408 x 290 x 187 mm
Þyngd	8.3 kg
Spenna (breytanleg)	220 - 240 V / 120 V
Rafmagnsnotkun	75 W
Ljós	12 V / max. 5 W
Saumhraði	hám. 950 spor / mín lág. 80 spor / mín
Sporbreidd	0 ... 6 mm
Sporlengd	0 ... 6 mm
Fótlýfta	8mm
Hámark undir fót	10.5 mm
Nálartegund	130 / 705 H

Innihald pakkningar

Saumavél
 Lok yfir vél
 Fótmótstaða
 Rafmagnsleiðsla
 Fylgihlutir
 Leiðarvísir

Við áskiljum okkur rétt til að breyta hönnun vélarinnar og þeim fylgihlutum sem fylgja henni án fyrirvara.

Slíkar breytingar munu hins vegar ávallt verða viðskiptavinum okkar til hagræðis.



VSM Group AB • SE-561 84 Huskvarna • SWEDEN

www.pfaff.com

PFAFF-Borgarljós hf., Grensásvegi 13, 108 Reykjavík
Sími 414-0400 www.pfaff.is